

TÍUNND

FRÉTTABLAÐ RSK • MAÍ 2010



Eva Joly
Skatta- og
efnahagsbrot
hafa aðeins
einn hvata:
græðgi

Ísland eitt
skattumdæmi

Umhverfisskattar

Starfsmanna- og stefnumótunarfundur

Nýtt upphaf

Í upphafi ársins 2010 tóku gildi lög sem kváðu á um að lögð yrðu niður níu sjálfstæð skattstjóraembætti og starfsemi þeirra sameinuð embætti ríkisskattstjóra. Gildistaka laganna markar nýtt upphaf við skattframkvæmd á Íslandi. Í stað tíu misstórra stofnana, þar sem starfsmenn voru fæstir fjórir og flestir hundrað, er komin ein stofnun með hátt í 300 starfsmenn. Starfsemi skattyfirvalda hefur þannig verið sett undir eina stjórn. Sú breyting að ein stofnun stýri skattframkvæmdinni í stað þess að byggja hana á níu staðbundnum sjálfstæðum stjórnsýslueiningum fer síðan fram samhliða miklum efnisbreytingum skattalaga. Verkefni starfsmanna hins sameinaða embættis eru því ærin þessa dagana við að móta með naumum fyrirvara nýja framkvæmd um stighækkandi skatt í staðgreiðslu, auðlegðarskatt, breytingar á virðisaukaskatti, tryggingagjaldi og fleiri sköttum.

Sameining stofnana íslenskrar stjórnsýslu hefur lengi verið til athugunar hér á landi og á síðustu misserum hafa verið boðaðar víðtækari sameiningar stofnana en áður eru dæmi um. Sameining embætta skattstjóra og ríkisskattstjóra er þar fyrsta stóra skrefið og ugglaut munu aðrar sameiningar taka mið af því hvernig tekst til við að móta nýja stofnun og hvort þær breytingar muni hafa í för með sér aukna skilvirkni og árangur. Fækkun skattstofa hafði raunar allengi verið í umræðunni og sýndist þar sitt hverjum. Fjármálaráðuneytið tók af skarið sl. haust og hlutaðist til um að frumvarp væri samið um eitt skattumdæmi. Með samþykkt þeirra laga bíður nú allra starfsmanna ríkisskattstjóra það mikilvæga verkefni að fylgja breytingunum eftir þannig að þær skili þeim ávinningi sem stefnt er að.

Formleg sameining ein og sér hrekkur þó skammt ef ekki verða öll störf endurskipulögð samhliða með hagkvæmni og skilvirkni að leiðarljósi. Í því verkefni munu allir starfsmenn ríkisskattstjóra taka virkan þátt. Brjóta þarf upp verkferla og samþætta verkefni í því skyni að stytta boðleiðir. Endurmeta þarf eldri framkvæmd til að ná aukinni hagkvæmni og sérhæfingu. Öllu er þessu ætlað að leiða til skilvirkari skattframkvæmdar með minni tilkostnaði. Þannig mun verða betri nýting á lækkandi fjárframlögum á komandi árum.

Skattyfirvöld hafa reyndar um árabil verið í stöðugri keppni við sig sjálf um að gera betur frá ári til árs þannig að sjálfvirkni álagningar væri sem mest. Eftir því sem færri þyrftu á þjónustu skattyfirvalda að halda, þeim mun betra. Þeim mun minni atbeina starfsmanna skattyfirvalda er nú þörf við skil og endurskoðun skattframtala eftir því sem rafrænum skattskilum hefur fleygt fram.

Hert lagaákvæði um upplýsingaskyldu hafa tryggt milliliðalausa áritun upplýsinga á skattframtöl þannig að unnt er að beina kröftum í meira mæli að þeim sviðum þar sem ætla verður að ekki sé eðlilegt samræmi milli skattstofna og ráðstöfunartekna og eigna skattaðilans. Má líta til þess að áherslur erlendra skattyfirvalda hin síðari ár hafa í æ ríkara mæli verið þær að þeir, sem skyldir eru til þess að leggja fram upplýsingar varðandi skattálagningu, hlíti þeirri skyldu undanbragðalaust. Þessi áhersla á rétt og tímanleg gagnaskil stuðlar fremur en annað að því að álagning á þorra skattaðila verði einföld og endanleg.

Hið gagnstæða verður þegar upplýsingagjöfin er takmörkuð annað hvort vegna náinna tengsla við þann sem upplýsingar varða eða er í höndum skattaðila sjálfis eða þar til keypra aðila en þá þarf oft á tíðum að draga fram skattstofninn með ærinni fyrirhöfn og tilkostnaði.

Á bak við notkun á flóknum fjármálagerningum, að ekki sé talað um framandi hugtök, er í reynd iðulega ekkert annað en undan-dreginn skattstofn sem telja ætti til launa, hlunninda, gjafa eða arðs. Framganga ýmissa starfsmanna fjármálaframtækja – m.a. í eigu íslenska ríkisins – er sérstaklega umhugsunarverð og virðing þeirra fyrir lögum og lögskýringum skattyfirvalda er athyglisverð. Neitun á að framkvæma ákvæði skattalaga virðist oftast en ekki vera léttvæg ákvörðun, þrátt fyrir ótvírætt lagaboð í aðra veru. Þannig verður ekki annað skilið af ýmsum en að þeir telji sig hafna yfir gildandi lög og beri fyrir sig flækjustig og skort á upplýsingum.

Árið 2010 markar sömuleiðis nýtt upphaf og nýja sýn eftir að niðurstaða Rannsóknarnefndar Alþingis liggur fyrir. Með þeirri skýrslu kemur skýrlega og skjalfast í ljós að mannlegir brestir og mistök urðu þess valdandi hversu hörmulegt hrundi var fyrir hálfu öðru ári síðan. Rannsóknarnefndin, þau Páll Hreinsson, Sigríður Benediktisdóttir og Tryggvi Gunnarsson hafa, ásamt starfsmönnum nefndarinnar, unnið afrek sem er meira og merkilegra eftir því sem betur er að gáð. Meginniðurstaða nefndarinnar er sláandi. Sýnt er fram á að hinn öri og hömlulausi vöxtur fjármálastofnana og nokkurra fyrirtækja hafi leitt af sér vinnubrögð, sem gáfu aðilum í krafti krosseignatengsla nánast óhefta möguleika til þess að nýta sér fjármuni bankanna í eigin þágu. Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar er þannig að finna fjölmargar upplýsingar ásamt óvæginni og skarpru greiningu, sem reyndar varla nokkur hefur kveinkað sér undan. Af niðurstöðum skýrslunnar má jafnframt sjá hvernig tiltölulega

TÍUND

BLAÐ NR. 53

Útgefandi: RÍKISSKATTSTJÓRI

Ábyrgðarmaður: Skúli Eggert Þórðarson.

Framleiðslustjórn og hönnun: Logi Halldórsson.

Umsjón efnis: Inga Hanna Guðmundsdóttir.

Forsíðumyndin er gerð af Halldóri Baldurssyni teiknara fyrir Tíund í maí 2010.



fámennur hópur, íklæddur nýju fötum keisarans, sannfærði tugþúsundir manna um að enn gerðust ævintýri – og gott betur, enda virðist endalaust mega sjóða upp súpu á annarra kostnað af sama gamla ryðgaða naglanum.

Frá sjónarhóli skattfirvalda stendur það upp úr að svo virðist að í skjóli bankamúranna hafi einhverjir starfsmenn fjármálafyrirtækja bent á leiðir til þess að lágmarka skattgreiðslur í skjóli leyndar. Ugglaut hefur slíkt í upphafi verið hugsað sem löglegar aðferðir en velta má fyrir sér hvort slíkt sé í eðli sínu bankastarfsemi eða eitthvað annað. Útfærslan var iðulega þannig að setja skyldi á fót einn eða fleiri lögaðila, gjarnan erlendis og jafnvel keðju lögaðila, sem ekki væri þó ætlað neitt hlutverk annað en að komast hjá skattgreiðslum. Til að tryggja leyndina annaðist bankinn stjórnarsetu og umsjón með viðkomandi félögum. Og hver skyldi tapa? Vitaskuld hinn sameiginlegi sjóður landsmanna!

Eignarhaldsfélög erlendis eru oft á tíðum hulin leyndarhjúp. Við þetta hafa skattfirvöld um allan heim barist árum saman. Íslensk skattfirvöld hafa ítrekað gengið á vegg þegar reynt hefur verið að afla upplýsinga og meira að segja hjá íslenska Fjármálaeftirlitinu var litla aðstoð að fá á sínum tíma. Aðvaranir skattfirvalda náðu ekki í gegnum bankapökuna sem huldi Ísland á þessum árum. Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri voru þannig sem hrópandinn í eyðimörkinni og slagur þeirra við að ná upplýsingum mætti litlum skilningi. Það er reyndar með ólíkindum hversu langt einstakir starfsmenn fjármálafyrirtækja voru tilbúnir að ganga til að koma í veg fyrir að skattfirvöld fengju nauðsynlegar upplýsingar. Þar má m.a. minnst endurtekinna tilrauna, meira að segja eftir hrun, til að koma í veg fyrir að Alþingi leiddi í lög skyldu til að afhenda bankaupplýsingar til skattfirvalda. Í kjölfar hrunsins og skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis er þó myndin óðum að skýrast auk þess sem upplýsingar úr aflandsríkjum um félög í eigu íslendinga fylla smám saman upp í heildarmyndina.

Skýrsla rannsóknarnefndarinnar vekur áleitnar spurningar um hvað hafi eiginlega átt sér stað. Af skýrslunni má ráða ýmsar skýringar á því hvers vegna andstaða var við að skattfirvöldum væru afhentar nauðsynlegar upplýsingar. Ekki síður verður áleitinn spurningin sem margir spyrja nú um stundir; hefur eitthvað breyst?

Og hvað með vangoldnar skattgreiðslur? Hafa athafnamenn í skattaskjólum og liðsmenn þeirra stigið fram og sagst myndu beita áhrifum sínum til að leiðrétta skattskil sín og annarra meðreiðar-



Skúli Eggert Þórðarson
ríkisskattstjóri



Ingvar J. Rögnvaldsson
vararíkisskattstjóri

sveina? Hafa þeir sýnt samvinnu við að upplýsa mál og afhenda gögn eða er gamalkunnug tregða á gagnaafhengingu helstu viðbrögðin, að ekki sé talað um grímulausar árásir á þau embætti – og jafnvel þá einstaklinga – sem standa að rannsókn og meðferð mála.

Hert skatteftirlit með lögaðilum er við þessar aðstæður afar snúin en að sama skapi þýðingarmikil ákvörðun. Í þeirri miklu fjárþörf sem nú er, liggur við að skilvirkt skatteftirlit sé eina raunhæfa lausnin. Reynsla undanfarinna missera hefur sýnt að virkt skatteftirlit hefur skilað ríki og sveitarfélögum miklum fjármunum í réttilega hækkuð opinber gjöld á þá sem komið hafa sér undan lögboðnum skattgreiðslum. Sameining skattfirvalda í eina stofnun þar sem allt skatteftirlitið er undir einni stjórn mun ótvírætt þetta það net sem beitt verður við framkvæmd skatteftirlitsins. Síðast en ekki síst tryggir virkt skatteftirlit jafnræði skattaðila og að allir greiði það sem þeim ber að gera – hvorki meira né minna. Tryggja þarf því skilvirkni skatteftirlitsins.

Löngum hefur verið haft á orði að margt búi í þokunni. Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis hefur með skörpum og skýrum hætti gefið mönnum sýn á þá sýslan sem hulin var leynd. Næstu ár fara í það nauðsynlega verkefni að vinda ofan af því sem var við líði og móta almenna hlítni við lög og reglur sem hæfa síðuðu þjóðfélagi. Skattfirvöldum eru gömul gildi tøm og taka því verkefni fagnandi.

EFNI BLAÐSINS

Leiðari	2
Viðtalið - Eva Joly	4
Stefán Skjaldarson skattrannsóknarstjóri	8
Starfsmanna- og stefnumótunarfundur	10
Umhverfisskattar	14
Ríkisskattstjóri og Fjármálaeftirlitið í samstarf	17
Eitt skattumdæmi	18
Áreiðanleiki endurskoðunar	20
Alþjóðleg samskipti	22

Venslakerfið rel8	26
Gestur Steinþórsson og Karl Lauritzson kveðja skattkerfið	29
Virðisaukaskattsskrá ríkisskattstjóra	30
Álagning lögaðila	32
Dómar	40
Úrskurðir	46
Árlegur samráðsfundur lögfræðinga fyrirtækjaskráa á Norðurlöndum	47

EVA JOLY

Skatta- og efnahagsbrot hafa aðeins einn hvata: græðgi

Hún er snaggaraleg í hreyfingum, konan sem nánast hvert mannsbarn á Íslandi veit hver er, en fæstir þekktu fyrir ári síðan. Það er ráðgjafi sérstaks saksóknara við rannsókn á bankahruninu sem sett hefur allt samfélagið á annan endann. Það er hún Eva Joly, ákveðin og óhrædd við að takast á við erfið verkefni.

Eva Joly hefur öðlast mikla reynslu við rannsókn á efnahagsglæpum á síðustu árum. Hún hefur lengst af starfað í Frakklandi en einnig síðustu ár í heimalandi sínu, Noregi. Ríkisskattstjóri fékk hana til skrafs og ráðagerða um hvernig unnt væri að stemma stigu við skattundandrætti og hvernig svokölluð skattaskjól hafa verið notuð til að fela fjármuni. Hún var einnig beðin um að lýsa skoðunum sínum á regluverkinu og hvar pottur væri helst brottinn. Í umræðum með Evu Joly voru Ólafur Þór Hauksson sérstakur saksóknari, Jean-Michel Matt löggiltur endurskoðandi, Jón Þórisson arkitekt og aðstoðarmaður Evu Joly, Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri, Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri og Aðalsteinn Hákonarson sviðsstjóri eftirlits hjá ríkisskattstjóra.

Í upphafi samtals var fyrst vikið að þróun síðustu ára í alþjóðlegum skattamálum með tilliti til aukningar í notkun landa sem byggja á bankaleynd og skattaskjólum, svo og hvaða álit hún hefði á fjármálastarfsemi þeirri sem rekin er í aflandsríkjum. Gefum Evu Joly orðið:

„Ég tel að aukninguna í notkun skattaskjóla megi rekja til þess að nú eru þau ekki eingöngu nýtt af þeim sem eru mjög ríkir heldur einnig af millistéttinni. Ég hef séð gróf með upplýsingum um fjárhæðir sem fara í gegnum skattaskjól og þar er sýnt fram á að veltan eykst mjög hratt. Aukningin er vegna stærri hóps notenda en einnig vegna hljóðlátrar, kerfisbundinnar notkunar fjölþjóðlegra fyrirtækja á skattaskjólum. Þau nota skattaskjólín ekki

einungis vegna leyndarinnar sem þau bjóða upp á heldur einnig til að komast hjá greiðslu skatta. Ef skoðaður er listi yfir fyrirtæki í New York eða í Frakklandi sést að alþjóðleg fyrirtæki hafa öll mörg dótturfélög í skattaskjólum. Bandaríska þingið útbjó skýrslu þar sem skoðuð voru amerísk

„Ég tel að aukninguna í notkun skattaskjóla megi rekja til þess að nú eru þau ekki eingöngu nýtt af þeim sem eru mjög ríkir heldur einnig af millistéttinni.

Ég hef séð gróf með upplýsingum um fjárhæðir sem fara í gegnum skattaskjól og þar er sýnt fram á að veltan eykst mjög hratt “

fyrirtæki og dótturfyrirtæki þeirra í skattaskjólum. Flest af þessum tengdu fyrirtækjum höfðu enga starfsemi. Öllum er í fersku minni þegar Obama forseti hélt ræðu þar sem hann ræddi um Caymaneyjar og Ugland House sem er heimilisfang um 19.000 fyrirtækja. Hann sagði að annað hvort væri þetta hæsta bygging veraldar eða mesta fjármálasvindl í heimi.

Glögggt má sjá hve skilvirk notkun skattaskjóla er þegar skoðað er hversu mikinn skatt alþjóðleg fyrirtæki greiða. Í Frakklandi er skattur á lögaðila 33%. Fjölþjóðleg fyrirtæki hafa þar verið að greiða 13% skatt sem þýðir að ríkissjóður Frakklands verður af meira en 20% að meðaltali sem fyrirtækjunum bar að greiða. Einhver reiknaði út að það væru í kringum 10 milljarðar Evra en ég tel það vera varlega áætlað. Þau gera þetta með því að nota ólöglega milliverðlagningu sem er risavaxið vandamál um allan heim. Þau lækka skattstofn sinn í Noregi, sem er háskattaland, til hagsbóta fyrir t.d. Jamaica eða Caymaneyjar þar sem ekki eru skattar. Svo er annað mál þegar stofnuð eru skúffufyrirtæki sem gefa út reikninga fyrir þjónustu sem hefur ekki verið innt af hendi og mynda þannig fléttu sín í milli. Þau eru með svikum að lækka skattstofn sinn með því að flytja tekjur frá t.d. Íslandi, Noregi eða Frakklandi til Caymaneyja.

Skattar eru mjög öflugt vopn og oft mun skilvirkara en rannsókn á saknæmu athæfi. Mín skoðun er að við séum í raun ekki að berjast gegn skattaskjólum og að það sé mjög hræsnisfull afstaða þar sem það er leið fyrir þróuð lönd til að niðurgreiða rekstur sinn á ólöglegan hátt.

Rökin sem sett eru fram af þeim sem nota banka- og fjármálaþjónustu í aflandsríkjum eru að hún sé skilvirk, örugg, hröð og ódýr. Ég hef aldrei trúað því að það sé raunveruleg ástæða þess að hún sé notuð. Ef fjármagn er í sjóðum á Caymaneyjum er það ekki eingöngu vegna lágrar þóknunar heldur einnig vegna þess að þeir eru ekki

”

*Íslenskt samfélag
verður ekki gagnsætt
fyrir en komið verður
í veg fyrir að viðskipti
geti farið í gegnum
skattaskjól*





Eva Joly, Ólafur Þór Hauksson og Jean-Michel Matt.

með strangt regluverk. Þar er heldur ekki eftirlit og ef þú starfar á Caymaneyjum spyr þig enginn spurninga. Það er hægt að taka stöðu gegn Evrunni ef vilji er til þess.“

Eva Joly dregur ekkert undan þegar rætt er um þau ríki sem gera út á leyndina. Það vekur þó sérstaka athygli hversu afdráttarlaus hún er í skoðunum sínum á ýmsum alþjóðlegum samningum, svo sem tvísköttunarsamningum, samningum um upplýsingaskipti og gagnkvæma aðstoð og hvort árangur væri að nást með slíkum samningum varðandi upplýsingaskipti.

„Þetta hefur mjög lítil áhrif. Samningarnir hafa mjög lítið praktískt mikilvægi, en þeir skaða almennt ekki. Jafnvel gætu þeir verið örlítið skaðlegir þar sem þeir gefa skattaskjólum vægi með því að kalla þau aflandsmiðstöðvar sem þau eru ekki í öllum tilvikum. Mér finnst þeir hafa lítið praktískt gildi þar sem nauðsynlegt er að vita að sá sem þú ert að rannsaka hafi reikning þar. Til að vita það þarf aðstoð sérstaks saksóknara, einhvers sem hefur rannsakað og fundið merki um leynilega bankareikninga. Þá er gagnlegt að hafa upplýsingaskiptasamninga. Í sumum tilvikum getur þetta því verið gagnlegt.

„Ég tel að Íslendingar nýti sér skattaskjól af sömu ástæðum og aðrir, til þess að fela raunverulegt eignarhald og til að geta starfað utan regluverks. Þeir þurfa þá ekki að fylgja reglum markaðarins, þurfa ekki að flagga og allt þetta á sérstaklega við á Íslandi þar sem skattþrósentan er mjög lág“

Ef okkur væri alvara með upplýsingaskiptum ættu að vera samningar um sjálfvirk upplýsingaskipti. Það ætti ekki að þurfa að biðja um upplýsingar heldur að fá lista yfir Íslendinga sem hafa reikninga í öðrum ríkjum og veltuna á þeim. Það er engin tæknileg hindrun í vegi fyrir því að svo ætti að geta verið. Það virkar innan Evrópu með sparnaðartilskip-

uninni svo það getur virkað og ætti ekki að vera vandkvæðum bundið að vinna úr svo miklu magni upplýsinga eins og vonir standa til að verði gert. Nú þegar eru bankar að fylgjast með notkun fólks á greiðslukortum í rauntíma fyrir milljarða manna svo þetta er það sem stefnt er að.“

Næst var umræðunni beint að alþjóðastofnunum og því starfi sem unnið er í ESB, OECD og ýmsum öðrum alþjóðastofnunum til að sporna gegn skaðlegri skattaskyldni og bankaleynd og hún spurð að því hvernig hún liti á það starf. Eva Joly dró ekki af sér heldur hvað það varðaði:

„Svar mitt er mjög einfalt – starfið er ekki nógu gott. OECD hóf að berjast gegn skaðlegri skattlagningu í byrjun tíunda áratugarins þegar Clinton var forseti og í upphafi var ákveðin þróun í því starfi. Þegar Bush náði kjöri var því hætt þar sem hann vildi ekki berjast gegn skattsvikum. Eftir að Obama tók við embætti hefur hann haft að markmiði að berjast gegn misnotkun skattaskjóla. Nú er því kominn meiri kraftur í verkefnið og ég tel að ábyrgð okkar sem hluti af OECD sé að byggja á vinnunni sem þar hefur verið unnin og koma henni lengra.

Nýlega var ályktað um stjórnýsly- og skattamál þar sem kemur fram að regluverk OECD sé ekki nægjanlega gott og að ESB eigi að fara að vinna í eigin viðmiðum. Viðmið OECD taki ekki mið af því hvort sé raunveruleg starfsemi í fyrirtækjum og þeir taki ekki á skúffufyrirtækjum. Það er ekki nægilega gott og hefur ekki verið tekið nægilega langt. Það er einnig spurning um samkeppni þar sem ósanngjarnar skatta-reglur eru einnig ósanngjörn samkeppni. Það eru nú einungis litlu fyrirtækin sem greiða skatta eða þeir sem hafa nýlega hafið rekstur. Um leið og þeir verða merkilegri hætta þeir að borga fulla skatta.“

Eftir störf Evu Joly á Íslandi hefur hún kynnst samfélaginu í gegnum rann-sóknarglæraugun. Hún var spurð um stöðu Íslands í þessu samhengi og hvort gild ástæða eða rök væru fyrir því að flytja sjóði eða eignarhald fyrirtækja frá Íslandi í skattaskjól eða lönd með ríka bankaleynd þegar fjármagnstekjuskattur er tiltölulega lágur?

„Ég tel að Íslendingar nýti sér skattaskjól af sömu ástæðum og aðrir, til þess að fela raunverulegt eignarhald og til að geta starfað utan regluverks. Þeir þurfa þá ekki að fylgja reglum markaðarins, þurfa ekki að flagga og allt þetta á sérstaklega við á Ís-

landi þar sem skattþrósentan er mjög lág. Þetta er einnig notað innan fjölskyldna til að fela hluta af fjölskylduauðnum og komast hjá því að greiða skatta af flutningi eigna milli kynslóða og til að taka peninga út úr fyrirtækjum. Með auknu eftirliti og skilvísri upplýsingamiðlun verður unnt að bæta skattheimtuna og stemma stigu við undanskotum.“

Hver er þín reynsla af því hvaða hagsmuni aðra en skatttengda fyrirtæki hafi af því að flytja fjármagn eða eignarhald fyrirtækja í skattaskjól eða til landa með ríka bankaleynd?

„Auk skattasjónarmiða er markmiðið með að fara í skattaskjól til landa þar sem banka- leynd er rík að geta stundað viðskipti sín

„Skattlagning tekna af stolnum eignum þar sem þær eru látnar sæta tekjuskattlagningu er miklu hærrí en sektirnar sem ákvarðaðar eru“

í leyni í von um að komast upp með það þar sem upplýsingagjöf frá þeim er ann- mörkum háð. Allt ber þetta að sama brunni leyndin er oft á tíðum uppspretta eða af- leiðing margs konar spillingar eða afbrota. Hana verður að uppræta með öllum tiltæk- um ráðum. Íslenskt samfélag verður ekki gagnsætt fyrir en komið verður í veg fyrir að viðskipti geti farið í gegnum skattaskjól.“

Haft hefur verið eftir dönskum sérfræðingi að það sé ekkert nýtt við fjármálasvik á Íslandi. Ertu sammála þeirri skoðun hans?

„Já ég er sammála. Til þessa hef ég ekki séð neitt hér sem ég hef ekki séð áður. Mann- legt eðli er mjög áþekkt yfir allan heim og sömu brellurnar eru notaðar allsstaðar.“

Telur þú að skattyfirvöld muni nánast alltaf finna einhverja skattavinkla í efnahagsbrotamálum?

„Já vitaskuld þar sem efnahagsbrot hafa ein- ungis einn hvata sem er græðgi. Þeim er ætlað að ná fjármunum frá fyrirtækjum og komast hjá skattgreiðslum. Leiðrétting á álagningu skatts er mjög mikilvæg. Skattlagning tekna af stolnum eignum þar sem þær eru látnar sæta tekjuskattlagningu er miklu hærrí en sektirnar sem ákvarðaðar eru.“



Jón Þórisson, Aðalsteinn Hákonarson, Ingvar J. Rögnvaldsson, Skúli Eggert Þórðarson, Eva Joly, Ólafur Þór Hauksson og Jean-Michel Matt.



Stefán Skjaldarson skattrannsóknarstjóri

Á haustmánuðum 2009 var Stefán Skjaldarson settur skattrannsóknarstjóri. Hann þekkir vel til skattframkvæmdarinnar og hefur verið skattstjóri á Akranesi frá 1986. Það hefur mætt mikið á skattrannsóknarstjóra að undanfögnu, mikil og þung verkefni og ný löggjöf um kyrrsetningar eigna var lögfest nýverið með tilheyrandi fjölmiðlaumfjöllun. Við hittum Stefán á skrifstofu hans í Borgartúni 7 og inntum hann eftir verkefnum dagsins.

Var mikil breyting á að fara í starf skattrannsóknarstjóra frá skattstjórarstarfinu?

Það var mikil breyting að fara úr skattstjórarstarfi í starf skattrannsóknarstjóra. Á báðum stöðum er fjallað um skattaðila og þau lög og þær reglur sem gilda um skattamálefni þeirra. En sá samanburður nær ekki mikið lengra. Fyrst í stað var töluverð breyting fólgin í því hversu mikið meiri erill er á skattstofum en hjá skattrannsóknarstjóra. Þetta helgast auðvitað af þeirri afgreiðslu og þjónustu sem innt er af hendi á skattstofu og þau daglegu almennu samskipti sem þar eiga sér stað við gjaldendur eru ekki til staðar hjá skattrannsóknarstjóra.

Sú rannsóknarvinna sem fram fer hjá skattrannsóknarstjóra og það sem henni tengist, öflun gagna, skýrslur og skýrslutökur, ákvörðun refsinga (skattsekta), samskipti við lögreglu, er allt saman ólíkt skattstjórarstarfinu. Breytingin var því mikil en um leið skemmtileg og lærdómsrík.

Nú er mikið af verkefnum skattrannsóknarstjóra tengt hrúni bankakerfisins. Hvernig er þeim háttað?

Hjá skattrannsóknarstjóra starfaði starfs hópur 8 starfsmanna úr skattkerfinu saman að eins konar úttekt á því sem misfórst í skattmálum bankanna, hjá stjórnenda þeirra, starfsmönnum og tengdum aðilum. Niðurstaða þessa starfs er að verulegar misfellur komu í ljós. Almenn má segja að hjá öllum fjármálastofnunum var ekki haldið eftir staðgreiðslu af afleiðuvíðskiptum þau þrjú ár sem voru til skoðunar á undan hrúninu (ein undantekning var að í einum banka var haldið eftir staðgreiðslu af einni tegund afleiðuvíðskipta). Þessi víðskipti voru gríðarlega umfangsmikil og vakti sérstaka athygli hversu margir einstaklingar komu við sögu. Fjöldmörg önnur atriði þar sem ekki var staðið rétt að málum hafa komið upp. Flest þau mál krefjast þó meiri skoðunar og liggur fyrir hjá skattrannsóknarstjóra að hefjast handa við mjög víðamikla rannsóknarvinnu.

Hvernig hefur gengið að ná upplýsingum frá skilaneftendum, slitastjórnnum og bankakerfinu?

Erfiðlega hefur gengið, sérstaklega framan af starfinu, að fá upplýsingar og gögn frá skilaneftendum (slitastjórnnum). Þetta hefur þó mikið lagast nú á seinni stigum en á tíðum hefur verið verulega löng bið eftir gögnum, og ekki óalgengt að gögn hafi



verið svo óaðgengileg að þau hafa einfaldlega ekki komið að gagni. Þetta tafði starfið verulega og olli vandkvæðum í allri úrvinnslu. En alveg sérstaka athygli hefur vakið og m.a. fengið umfjöllun fyrir þingnefnd, að ekki ein einasta ábending hefur komið frá skilaneftendum að þeirra frumkvæði. Og það stendur enn þann dag í dag.

Nýjar heimildir um kyrrsetningu eigna urðu að lögum fyrir fáum vikum. Hvernig mun embættið standa að framkvæmd þeirra?

Kyrrsetningarheimildin sem var lögfest þann 30. mars sl. er gríðarlega mikilvægt úrræði til handa skattyfirvöldum. Úrræði sem mun gera innheimtu opinberra gjalda skilvirkari, auka málshraðann og vonandi skapa varnaðaráhrif.

Eins og málum er nú háttað mun embætti skattrannsóknarstjóra eingöngu óska kyrrsetningar í hinum stærri málum sem eru til meðferðar. Er nú miðað við að skattkrafa (ásamt sektarfjárhæð) nemi a.m.k. 50. millj. kr. Þegar fram líða stundir og fer að ganga á þessi stóru mál þá mun þessi viðmiðunarfjárhæð lækka. Og í framtíðinni er líklegt að það verði venjulegt og almennt verklag að krefjast kyrrsetningar þegar við upphaf rannsóknar, þegar þau skilyrði liggja fyrir að rökstuddur grunur er um skattsvik og hættu er á að eignum verði skotið undan, þær glattist eða rýrni.

Framkvæmdin fer þannig fram að SRS þarf að ákvarða (áætla) skattkröfuna ásamt fjársekt. Þetta þýðir að verulega vinnu þarf að leggja í málin þegar í upp-

hafi og áður en rannsókn er tilkynnt. Síðan er tollstjóra tilkynnt um þá ósk að kyrrsetning verði framkvæmd, hann annast síðan rekstur málsins og kyrrsetningargerðin fer svo fram með fulltingi sýslumanns.

Ástæða er til að benda á að þetta úrræði er verulega íþyngjandi og ber að beita því af varúð og ekki umfram það sem nauðsynlegt er. Hér þarf að gæta meðalhófs og jafnræðissjónarmiða.

Síðustu mánuði hafa skattrannsóknarstjóri og ríkisskattstjóri staðið sameiginlega að gagnöflun vegna athugunar á skattmálum bankamanna og víðskiptavinum bankanna. Hvernig sérð þú þá vinnu þróast?

Starfsmenn embættanna hafa unnið saman í hinum svo kallaða bankahópi og sú vinna hefur farið fram í húskeynnum SRS. Og í framhaldinu þegar hver starfsmaður er kominn til síns heima haldast tengsl milli manna. Við þau störf mun áfram reyna á samvinnu, menn munu skiptast á skoðunum og fá álit og ráðleggingar hver frá öðrum. Málin sem þarna eru framundan verða ýmist afgreidd hjá SRS eða hjá RSK. Verkefnið mun þannig vonandi halda áfram á grundvelli samvinnu og samráðs. Það hefur gengið vel hingað til og er full ástæða til að þakka því fólki sérstaklega sem hefur sinnt þessu verkefni sem er allt í senn, krefjandi, sérhæft og flókið að ekki sé minnst á hversu mikilvægt það er út frá sjónarmiði tekuöflunar fyrir ríkissjóð.



Starfsmanna- og stefnumótunarfundur

Sameiginlegur fundur starfsmanna skattstofanna og RSK var haldinn 18. desember á Grand Hótel Reykjavík. Þá lá fyrir Alþingi frumvarp um að sameina landið í eitt skattumdæmi og var stefnumótunarfundur haldinn vegna þeirra áforma.



Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir

Við undirbúning fundarins var ljóst að skipuleggja yrði hann vel og var því skipaður undirbúningshópur sem ásamt utanaðkomandi ráðgjöfum stýrði vinnunni. Fundinn sátu um 220 manns og því mikla orku hægt að beisla í salnum.

Til að nýta krafta hvers og eins starfsmanns sem best var hópnum skipt í 26 átta manna hópa auk sérstaks hóps sem innihélt skattstjóra, staðgengla skattstjóra, ríkisskattstjóra og vararíkisskattstjóra. Síðastnefnda borðið var með sérstakt umfjöllunarefni og féll því ekki undir hið almenna skipulag fundarins.

Skipaðir voru nokkurs konar hópstjórar á hverju borði sem þó voru nefndir borðþjórnar því að þeirra hlutverk snéri frekar að því að halda utan um hópinn sinn og þau gögn sem urðu til við borðið heldur en að stýra umræðunum.

Í upphafi hópavinnunnar var fundarmönnum gefið frelsi til að skrifa niður allar þær hugmyndir sem komu upp í kollinn þegar hugsað var um fyrirhugaða sameiningu embætta skattstjóra og ríkisskattstjóra. Margítrekað var við fólk að lofa hugarum að reika og láta ekkert stöðva sig í hugmyndaauðginni. Ótalmargar hugmyndir litu dagsins ljós, sumar einfaldar í framkvæmd, aðrar mun flóknari.

Að loknu hugarflugi tóku við umræður þar sem fólk lagði fram sínar hugmyndir og útskýrði hvað við væri átt. Jafnóðum flokkaði fólk líkar hugmyndir saman í átta efnisflokkar sem enginn þekkti fyrirfram nema borðþjórninn.

Efnisflokkarnir voru:

- vinnustaðurinn
- hagræðing
- skatteftirlit
- þjónusta og upplýsingamiðlun
- álagningarvinna og skattar
- skráarhald
- framtal og vefskil
- sameining stofnana

Þegar flokkun hugmyndanna lauk var hópunum skipt upp, fólk skipti um borð og allir fengu nýtt samstarfsfólk. Seinni hluta fundar vann hvert borð með sinn efnisflokk, útfærði nánar þær hugmyndir sem fram höfðu komið og flokkaði þær í undirflokkar. Vegna fjölda þátttakenda fjölluðu þrjú borð um hvern efnisflokk. Að þessu loknu komu þau borð sem unnið höfðu með sama efnisflokk sér saman um stutta kynningu á efninu og lauk vinnu dagsins með því að fundarmönnum voru kynntar helstu niðurstöður úr hverjum efnisflokki fyrir sig.

Á tveimur borðum var í seinni hlutanum unnið með sérstök málefni, annars vegar var fjallað um gagnaskilaeftirlit og hins vegar um sérhæfingu starfsmanna og gerðu þau borð einnig grein fyrir sinni vinnu með kynningu.



Jóhanna Garðarsdóttir, Dagný Óskarsdóttir, Nikolína T. Snorradóttir og Sigríður Jónsdóttir.

Sem dæmi um niðurstöður úr efnisflokk- um má nefna að þeir hópar sem fjölluðu um þjónustu og upplýsingamiðlun töldu mikilvægt að fræðsla yrði aukin innan kerfis, t.d. með nýliðþjálfun, fjarkennslu, handbókum o.þ.h. Auk þess töldu þeir mikilvægt að aðgengi viðskiptavina að upplýsingum væri gott t.d. með símsvör- un, góðri heimasíðu, kynningum og fjar- kennslu. Annað dæmi um niðurstöður er að hóparnir sem fjölluðu um framtal og vefskil töldu mikilvægt að auka rafræn skil, bæta gagnaskil þar sem mikilvægt væri að sjá til þess að öllum gögnum væri örugglega skilað. Ennfremur töldu þeir mikilvægt að einfalda enn frekar skil á skattframtölum fyrir viðskiptavinum og að samhæfa vinnsluferfi skattsins m.a. með því að hafa einsleitt viðmót gagnvart við- skiptavinum. Þeir hópar sem fjölluðu um sameiningu stofnana töldu mikilvægt að virkja allt starfsfólk hins sameinaða emb- ættis, brjóta þyrfti niður múra t.d. milli deilda og eininga, en með því móti yrði hægt að nýta þekkingu starfsfólksins sem best. Ennfremur kom fram hjá þeim að við sameiningu yrðu vinnubrögð samræmd- ari, áherslur og verkferlar yrðu samræmdir, en vildu jafnframt leggja á það áherslu að halda yrði í mannaúðinn því að í honum fælist þekking og reynsla skattkerfisins.

Í lok fundar þakkaði Skúli Eggert Þórðarson fundarmönnum fyrir vinnu dagsins og tilkynnti um leið að Alþingi hefði þann sama dag samþykkt áðurnefnt frumvarp þannig að frá og með 1. janúar 2010 myndu fundarmenn allir starfa sam- an hjá embætti ríkisskattstjóra.

Ljóst er að af mörgu er að taka við sam- eininguna, allt frá samræmingu bréfefna og undirskrifta til skipulagningar stórra verkefna, s.s. álagningarvinnu, eftirlits, gagnaöflunar o.s.frv.

Allt það efni sem fram kom á fund- inum hefur verið tekið saman og mun öllum þeim hugmyndum sem fram komu verða komið á rafrænt form þannig að handhægt sé að nálgast þær og nota við komandi störf í sameiningarmálum.

Efst: Fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sígfússon, ávarpar fundargesti.

Í miðju: Guðmundur Árnason, ráðuneytistjóri fjármálaráðuneytisins.

Neðst: Rósa Sveinsdóttir, Ragnhildur D. Þórhallsdóttir, Jóhann Harðarson, Andrea Laufey Jónsdóttir og Einar Valur Kristinsson.





Anna Júlíusdóttir, Kjartan Orri Helgason, Þjóðhildur Þórðardóttir, Björg Rúnarsdóttir, Ingibjörg Eiríksdóttir, Birna Jóhannesdóttir og Birgir Jónasson.



Inga Lára Hjaltadóttir, Kristín Gunnarsdóttir, Soffía S. Valgarðsdóttir, Adda Lára Arnfinnsdóttir og Guðlaug Guðjónsdóttir.



Undirbúningsnefnd fundarins skipuðu þau Jarprúður Hanna Jóhannesdóttir, Haraldur Hansson, Jóhannes Jónsson og Jens Þór Svansson.

Umhverfisskattar

Um síðustu áramót voru gerðar mestu breytingar á skattkerfinu hér á landi síðan staðgreiðslan var tekin upp árið 1988. Auk breytinga á tekjuskattkerfinu, virðisaukaskattkerfinu og fleiri þáttum skattkerfisins voru í fyrsta skipti hér á landi innleiddir formlegir umhverfisskattar. Við þau tímamót er ástæða til að fjalla dálítið um umhverfis-, mengunar- og auðlindaskatta og gera stuttlega grein fyrir þróun þeirra mála á alþjóðlegum vettvangi. Þá verða settar fram skoðanir um hvernig þróa megi þessi mál áfram hér á landi.



Magnús Jónsson

Stutt saga

Þótt deila megi um skilgreiningar á umhverfissköttum má segja að þeir hafi fyrst verið innleiddir í Finnlandi og Svíþjóð fyrir um 20 árum. Vissulega höfðu mengunar- og auðlindaskattar allvíða verið ræddir og fræðilega skoðaðir allt frá 7. áratug síðustu aldar en lítið orðið úr því að þeir væru settir á. Undantekning er þó að í Noregi var lagður sérstakur skattur á losun brennisteinsoxíðs árið 1971 til að vinna gegn „súru regni“. Það er raunar ekki fyrr en eftir að umræðan um hlýnun jarðar og losun gróðurhúsalofttegunda kemst á traustari grunn um og eftir 1990 að umhverfis- og mengunarskattar fá almenna umfjöllun á hinum pólitíska vettvangi um mikinn hluta heimsins. Er nú svo komið að í flestum þróuðum ríkjum hafa umhverfisskattar í einhverju formi þegar verið teknir upp eða eru í bígerð. eru Norðurlöndin önnur en Ísland þar fremst í flokki.

Ofnýting auðlinda og umhverfis

Talið er að um 60% allra grunnvistkerfa heimsins séu ofnýtt og eru grunnvatn, regnskógar og fiskistofnar helstu dæmin um slíka ofnýtingu. Á síðustu 30 árum eða svo hefur mönnum orðið sífellt ljósara að hratt gengur á takmarkaðar auðlindir jarðarinnar og er nú talið að verið sé að „keyra jörðina“ á 25-30% meiri afköstum en auðlindir hennar bera. Ofan á þetta bætist síðan að mengun af völdum losunar alls kyns efna í andrúmsloft, haf og jarð-

veg er sívaxandi vandamál auk þess sem milljónir tonna af sorpi falla til í heiminum á ári hverju. En sá umhverfisvandi sem mesta athygli vekur nú er hlýnun andrúmslofts sem nánast óyggjandi má að stærstum hluta rekja til losunar á koltvísýringi við bruna á helstu eldsneytistegundum jarðarinnar, þ.e. kolum, olíu og gasi. Svo hratt hefur verið gengið á jarðefnaeldsneytið á síðustu 100 árum að reiknað er með að olíu- og gastímabili jarðarinnar ljúki að mestu leyti innan 150 ára og hámarki í vinnslu þessara orkugjafa hafi verið náð árið 2008. Það er með vísan til

„Loftslagsbreytingar eru afleiðing mestu markaðsmistaka heimsins. Yfirgnæfandi líkur eru á að aðgerðarleysi okkar leiði til meira tjóns fyrir heiminn en báðar heimsstyrjaldir 20. aldarinnar“

Sir Nicholas Stern hagfræðingur

þessa ástands sem umræðan um hvernig best sé að snúa þessari þróun við hefur stigagnast á liðnum árum. Sjálfbærni er lykilorð þegar kemur að því að umgangast takmörkuð gæði jarðarinnar, enda verður ekki séð hvernig mannkynið sem fjölgar sér um 80 milljónir á ári hverju getur haldið áfram að nýta auðlindir jarðarinnar með óbreyttum hætti.

Raunvirði umhverfis og auðlinda

Nánast allir umhverfishagfræðingar heimsins telja frekari markaðsstýringu og raunvirðisvæðingu umhverfis, orku og annarra auðlinda nauðsynlega. Þótt til sé markaður með þessa þætti eru alls kyns niðurgreiðslur, ríkisstyrkir og aðrar stjórnvaldsaðgerðir þess valdandi að raunvirði auðlindanýtingar, mengunar og umhverfisálags er víðast hvar vanmetið. Sjaldnast er reiknað með kostnaði samfélaga eða jafnvel heimsins alls af aðgerðum eða aðgerðaleysi mannsins gagnvart umhverfinu. Sem dæmi má nefna er talið að heildarkostnaður samfélagsins af reykingum sé um 1.300 kr. á hvern vindlingapakka og um 500 kr. á hvern brenndan lítra af bensíni skv. bandarískum rannsóknnum.

Önnur hlið á þessum teningi er að oft eru einungis tiltölulega fáir sem njóta afraksturs náttúruauðlinda meðan almenningur hefur í besta falli af þeim óbeinan ávinning. Talið er að niðurgreiðslur stjórnvalda víða um heim á orku og starfsemi sem veldur umhverfisskaða nemi um 700 milljörðum US\$ á ári. Hér á landi er takmörkuðum auðlindum sjávar úthlutað ókeypis til valdra og tiltölulega fárra aðila og verðmæti umhverfis er ekki metið til fjár nema að litlu leyti þegar um margs konar nýtingu lands og vatns er að ræða.

Umhverfisgjöld í stað launaskatta

Einn veigamesti þátturinn í allri umræðu um raunvirðisvæðingu umhverfis og auðlinda er umsköpun í skattkerfum hinna iðnvæddu þjóða. Rauði þráðurinn í þeim breytingum er að leggja skatta eða gjöld á nýtingu náttúruauðlinda, umhverfisröskun, mengun og losun sorps en lækka að sama skapi skatta á vinnu. Oft er talað um „góða“ og „slæma“ skatta og eru t.d. mengunarskattar taldir í flokk þeirra fyrrnefndu,



en launaskattar í þann seinni. Um 2500 hagfræðingar víðs vegar að úr heiminum, þar af heill tugur Nóbelsverðlaunahafa, hafa hvatt til þess að ríkisstjórnir heims komi slíkum endurbótum á skattkerfum sínum í framkvæmd.

Í nokkrum ríkjum hefur þessi leið þegar verið farin að einhverju ráði og má í því sambandi nefna Svíþjóð, Danmörku, Holland, Noreg og Þýskaland. Þannig hafa beinir launaskattar í Svíþjóð verið lækkaðir á síðustu 8 árum eða svo um a.m.k. 400 milljarða ÍSK árlega, en umhverfisskattar hækkaðir samsvarandi. Þá ákváðu stjórnvöld í Frakklandi að taka stutt skref í þessa átt nú um síðustu áramót með því að innleiða kolefnisskatta, en lækka þess í stað skatta á launatekjur.

Góð reynsla Svía, sem talin er mesta fyrirmyndarþjóð heimsins í umhverfismálum, hefur m.a. leitt til þess að innan ESB er verið að skoða þann möguleika að leggja á almennan kolefnisskatt í öllum aðildarríkjum þess. Að áliti þess sem hér ritar er enginn vafi á að kolefnisskattur muni ná mikilli útbreiðslu á næstu árum, enda má slá með honum a.m.k. tvær flugur í einu höggi. Annars vegar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og vinna þannig gegn frekari hlýnun andrúmslofts. Hins vegar að flýta fyrir nauðsynlegri umsköpun orkukerfa heimsins frá jarðefnaeldsneyti til hreinnar orku s.s.

sólarorku, vindorku, sjávarfallaorku o.fl., að ekki sé talað um vatnsorku og jarðhita. Þótt hvoru tveggja tengist ótta manna við afleiðingar hnattrænna loftslagsbreytinga er rétt að hafa í huga að flest bendir til þess að ávinningur af þess konar skattkerfisbreytingum verði ekki bara umhverfislegur heldur ekki síður efnahagslegur. Reynsla frá þeim ríkjum sem tekið hafa upp kolefnisskatta sýnir nefnilega að slíkar aðgerðir leiða oftast til hagræðingar í rekstri heimila, fyrirtækja og samfélaga, en einnig til fjölgunar arðbærra starfa.

auðvitað hafi þau sjónarmið einnig ráðið nokkru, m.a. í tengslum við margs konar endurvinnslu.

Skattar, gjöld og viðskiptakerfi

Margir kostir eru uppi þegar tengd eru saman umhverfismál og efnahagsmál. Umhverfisgjöldum má skipta í skatta, gjöld, ýmsar álögur og verðlagðar heimildir. Skv. greiningu OECD hafa t.d Svíar komið á um 70 mismunandi umhverfisgjöldum eða sköttum. Langflestir þeirra tengjast samgöngum og orkugeiranum.

„Við þurfum að skilja að í hagkerfi nýrra orkugjafa felast meiri tækifæri en ógnir. Það verður aflíð sem knýr okkur inn í framtíðina með hliðstæðum hætti og tölvan hefur verið drifkraftur hagkerfisins síðustu tvo áratugin“


Barack Obama forseti Bandaríkjanna

Á Íslandi hafa lengi verið lögð margs konar gjöld á samgöngur og bílaeign án þess að um eiginlega umhverfisskatta hafi verið að ræða. Þá hafa hér verið tekin upp skilgjöld á marga vöruflokk og gjöld hafa verið lögð á sorphirðu og förgun ýmissa efna. Þessi gjaldtaka hefur þó stundum meira verið hugsuð af hálfu ríkis eða sveitarfélaga sem tekjuöflun en umhverfisaðgerðir, þótt

Þrátt fyrir þessa fjölbreyttu flóru skatta og gjalda eru skiptar skoðanir um ágæti sumra þeirra. Grunnmarkmið þeirra eru þó ætíð þau sömu; að koma í veg fyrir ofnýtingu auðlinda og umhverfisskaða og að þeir sem menga eða spilla náttúrunni borgi þann kostnað sem fellur til við að hreinsa eða lagfæra. Þegar litið er á málin hnattrænt eru þau gríðarlega flókin enda

Raforkuverð í Evrópu

Ísl. kr.
á KW. stund



Orkuverð er mjög breytilegt í Evrópu og er bæði raforka og jarðefnaeldsneyti skattlagt misjafnlega milli landa. Hæstu umhverfisskatta á raforku er að finna í Danmörku og Þýskalandi. Áberandi er að raforka er langóðýrust á Íslandi. Athugið að verð til iðnaðar á Íslandi nær ekki til stóriðju enda verð til hennar ekki opinberlega þekkt. (1 Evra = 180 ísl. kr.)

geta auðlindanýting og umhverfisaðgerðir í einu ríki haft áhrif miklu víðar, jafnvel um allan heiminn. Alþjóðleg samvinna og ákvarðanir eru því nauðsynlegar. Sem dæmi ná nefna að ef tiltölulega fátæk ríki á borð við Brasilíu og Indónesíu eiga að hætta að ganga á hitabeltisskóga sína verða aðrar þjóðir heims að greiða fyrir það, enda má rekja um fimmtung allrar losunar á koltvísýringi út í andrúmsloftið til eyðingar á hitabeltisskógum. Hér verður ekki reynt að gera grein fyrir allri þeirri umræðu sem fram fer um umhverfi, auðlindir og efnahag heldur einungis beint sjónum að þeim efnahagslegu og skattalegu aðferðum sem helst eru uppi til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Í meira en áratug hefur verið tekist á um ágæti kolefnisskatta annars vegar og viðskiptakerfa með losunarheimildir hins vegar. Oft er þessum tveimur kostum stillt upp sem andstæðum valkostum en hér er því haldið fram að þessir tveir kostir geti farið ágætlega saman að gefnum ákveðnum forsendum. Þrátt fyrir að kolefnisskattar hafi verið lagðir á í allmörgum ríkjum ESB á 10. áratug fyrri aldar og séu enn við líði, ákvað sambandið að taka upp viðskiptakerfi með losunarheimildir á gróðurhúsalofttegundum á öllu markaðssvæði þess. Tók þetta kerfi (EU Emission Trading Scheme, ETS) gildi 2005 og nær það til stórra losunargreina/fyrirtækja, s.s. orkuvera, olíuhreinsistöðva, málmverksmiðja, sementsverksmiðja og

margra annarra stærri losunaraðila. Kerfið byggir á því að úthluta losunarheimildum á koltvísýringi til fyrirtækja sem síðan geta verslað með þessar heimildir sín á milli óháð landamærum. Úthlut-

„Markaðurinn er öflugt tæki til að ákvarða verð en algerlega ófær um að greina kostnað“

Paul Hawken rithöfundur og umhverfissinni

un heimildanna hefur hingað til verið ókeypis, en gert er ráð fyrir að í framtíðinni verði þær annaðhvort boðnar upp eða verðlagðar með öðrum hætti. Nokkur reynsla er komin á þetta kerfi og er reiknað með að það verði útvíkkað enn frekar frá árinu 2013. M.a. er gert ráð fyrir að flugrekstur fari þá inn í kerfið og nýlega ákvað Ísland að stóriðjan hér á landi yrði þá hluti af EUETS-kerfinu.

Kostir og gallar

Enn er mikil umræða um kosti og galla ETS-kerfisins og kolefnisskattlagningar bæði frá umhverfislegu sjónarmiði sem

og hinu efnahagslega. Af reynslu Svía má draga þá ályktun að kolefnisskattar virki afar vel til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og nýlega hafa bandarísk stjórnvöld sett fram þá skoðun að sköttun á kolefni sé allt að fimm sinnum skilvirkari til að minnka losun en ETS-kerfi. Skattlagning er vel þekkt aðferð, hún er einföld og virkar vel meðan ETS kerfið er talið flókið og hefur enn ekki náð að sýna fram á virkni sína til að draga úr losun. Þá þarf kolefnisskattkerfi mun minni stjórnsýslu og eftirlit en ETS-kerfið auk þess sem kolefnissköttun er tæki til að breyta almennum áherslum í skattlagningu. Gallar við skattlagningu á kolefni geta m.a. verið þeir að hún skekki samkeppnisstöðu milli atvinnugreina, milli markaðssvæða og jafnvel milli landa. Þetta má þó lagfæra á grundvelli sveigjanleika skattlagningar almennt.

Þrátt fyrir að viðskiptakerfi með mengunarheimildir o.fl. sé þekkt og hafi virkað vel, m.a. frá því að Bandaríkin settu á slíkt kerfi til að vinna gegn „súru regni“, er enn komin tiltölulega lítil reynsla af ETS-kerfinu í Evrópu. Það er af mörgum stuðningsmönnum þess sagt ná a.m.k. jafn miklum eða meiri árangri í losun og skattlagning. Það hvetji til tækniframfara í iðnaði og slái út gamla tækni án þess að vinna gegn hagkerfinu eins og sagt er að skattar geti gert. Hér er ekki tekin afstaða til þessa enda ennþá of stutt reynsla komin af virkni kerfisins en rökin gegn kerfinu eru þó allmörg.

Í desember sl. kom út skýrsla frá EURO-POL, Glæparannsóknastofnun Evrópu, sem dregur upp dökka mynd af ETS-kerfinu í ESB eftir fjögurra ára reynslu af því. Þar er því haldið fram að 90% af öllum viðskiptum með losunarheimildir fari fram á forsendum skattsvika sem nemi um 1.000 milljörðum ÍSK á ári. Kerfið virki eins og segull á stórfelld virðisaukaskattsvik og sé draumakerfi fyrir peningaþvætti. Loks er því haldið fram að það dragi ekki úr losun gróðurhúsalofttegunda. Að óbreyttu sé þetta kerfi því paradís fjárvikara og sé fyrst og fremst gróðatækifæri fyrir mestu mengunarfyrirtækin og fyrir verðbréfasala og fjárfesta. Þetta er skuggaleg lýsing á kerfi sem ESB hefur talið að gæti orðið fyrirmynd fyrir allan heiminn í baráttunni við hlýnun jarðar.

Hvað á Ísland að gera?

Þótt á Íslandi sé lítil mengun, loftið yfirleitt hreint og sömuleiðis vatnið eru víða tækifæri til að gera betur á sviði umhverfismála og auðlindanýtingar. Raunar er sú

skoðun sett hér fram að þjóðin ætti að setja sér háleit markmið á þessum sviðum og vera þannig í forystu og til alþjóðlegrar fyrirmyndar. Ekki bara vegna umhverfisins, heldur einnig vegna þess að í því felast mikil efnahagsleg tækifæri. Við megum ekki ofmetnast af því að vera með útblásturslausa raforkuframleiðslu og mengunarlitla upphitun húsa. Hafa verður í huga að Íslendingar eru heimsmethafar í orkunotkun á mann og losun gróðurhúsalofttegunda er hér mikil í stóriðju, samgöngum og sjávarútvegi. Þá erum við fjarri því að vera til fyrirmyndar í umgengni okkar við auðlindir lands og sjávar, þótt margt sé vel gert. Hér eru settar fram nokkrar hugmyndir um aðgerðir á næstu árum sem ætla má að gætu orðið til alþjóðlegrar eftirbreytni bæði á sviði umhverfismála, efnahagsmála og skattamála:

- Móta heildstæða skattastefnu sem byggist á nýjustu hagfræðilegum viðhorfum og þar sem umhverfis- og auðlindaskattar fái þann sess sem þeim ber.

- Móta stefnu um að rafvæða bílafloata landsmanna og hringa þeirri stefnu hratt í framkvæmd eftir því sem tækniþróun fleygir fram. Til þess að gera þetta þarf m.a. að endurskoða skatta, gjöld og álögur á eldsneyti og ökutæki.
- Skapa hagstæðar skattalegar og efnahagslegar aðstæður til að framleiða innlent eldsneyti sem nota má á fiskiskipaflotann og víðar.
- Markaðsvæða auðlindir lands og sjávar þannig að sátt náist um nýtingu þeirra, enda verði eignarhald þjóðarinnar á þeim ávallt tryggt. Verðlagning náttúrugæða á landi og vatni svo og endurskoðun á úthlutunaraðferðum fiskveiðistjórnunarkerfisins eru efst á blaði í þessum verkefnaflokki.
- Halda áfram á markaðri braut innleiðingar umhverfis- og mengunarskatta. Móta stefnu sem hefur það að markmiði að lækka skatta á laun um allt að þriðjung á næstu 15 árum en

hækka samsvarandi umhverfis- og mengunarskatta, svo og auðlindagjöld ásamt umhverfis- og auðlindatengdum neyslusköttum.

Lokaorð

Heimurinn stendur að mörgu leyti á tímamótum. Óbreytt efnahagsstefna sem byggist á ofnýtingu auðlinda og síauknum spjöllum á umhverfi og náttúru er ekki valkostur mikið lengur. Raunvirðing þessara þátta og uppstokkun skattkerfa ásamt verulegri breytingu á neyslumynstri hinna iðnvæddu þjóða eru helstu forsendur þess að af þessum breytingum geti orðið. Ísland stendur mjög vel að vígi til að geta orðið í forystu við að koma þessum breytingum á þrátt fyrir tímabundna erfiðleika. Samræmd stefna í umhverfis-, efnahags- og skattamálum ætti því að vera forgangsaþriði stjórnvalda á næstu misserum.



Sigurveig Guðmundsdóttir og Gunnar Andersen frá FME og Skúli Eggert Þórðarson og Guðrún Jenný Jónsdóttir frá RSK við undirritun samstarfssamningsins.

Ríkisskattstjóri og Fjármálaeftirlitið í samstarf

Ríkisskattstjóri og Fjármálaeftirlitið hafa ákveðið að taka upp samstarf sem beinist að því að efla samvinnu eftir því sem lagaheimildir standa til og hafa gert með sér samstarfssamning þar að lútandi. Meðal annars mun FME fá aðgang að vissum skráum ríkisskattstjóra. Í samningnum felst að ríkisskattstjóri og Fjármálaeftirlitið munu leggja sig fram við að koma á virkum upplýsingaskiptum sín í milli og skuldbinda sig til að miðla upplýsingum um það sem þau komast að í sýslan sinni og talið er að falli undir starfsvettvang viðkomandi stofnunar þó í samræmi við takmarkanir í lögum um aðgang að gögnum og upplýsingum.

Upplýsingar sem hvor samningsaðili veitir hinum eru háðar þagnarskyldu lögum samkvæmt og skulu þær einungis nýttar í starfsemi samningsaðila.

Skipaðir hafa verið tengiliðir hjá hvorum samningsaðila og munu þeir skiptast á upplýsingum í kjölfar reglulegra samráðsfunda sem haldnir verða. Aðalsteinn Hákonarson og Guðrún Jenný Jónsdóttir eru tengiliðir fyrir hönd ríkisskattstjóra og Margrét Sigurðardóttir og Sigurveig Guðmundsdóttir fyrir hönd Fjármálaeftirlitsins. Hópurinn hefur nú þegar hafið störf.

GJJ

Eitt skattumdæmi

Eitt af síðustu verkum Alþingis á síðasta ári var að samþykkja lög um breytingu á skipulagi stofnana skattfirvalda. Hinn 18. desember 2009 var samþykkt frumvarp fjármálaráðherra þar sem mestu breytingar á skipulagi skattamála síðustu áratugi voru gerðar með því að sjálfstæð embætti skattstjóra voru lögð niður og landið gert að einu skattumdæmi með sameiningu skattstofa við embætti ríkisskattstjóra.





Frá framkvæmdastjórnarfundum þann 4. maí 2010.

Það skattkerfi sem Íslendingar hafa búið við undanfarin ár er í meginatriðum frá árinu 1962 þegar embætti ríkisskattstjóra og níu embætti sjálfstæðra skattstjóra voru stofnuð. Skattstjóraembætti voru í hverju hinna gömlu kjördæma, Reykjavík, Reykjanesi, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og eystra, Austurlandi, Suðurlandi og Vestmannaeyjum. Kom þetta fyrirkomulag í stað fjölda skattnefnda og skattstjóra í stærri kaupstöðum landsins. Sjálfstæðu skattstjóraembætti var hins vegar fyrst komið á fót í Reykjavík á árinu 1922 þegar Einar Arnórsson varð fyrstur skattstjóri í höfuðborg landsins.

Frá 1962 eða í rúm 47 ár hefur skattkerfið verið rekið undir forystu ríkisskattstjóra sem hefur haft með höndum samræmingu skattframkvæmdarinnar og haft yfirumsjón með faglegum störfum skattstjóra. Auk þeirra verkefna hefur ríkisskattstjóraembættið haft ýmis sérverkefni. Á síðustu tveimur áratugum og rúmlega það hefur hlutur ríkisskatt-

stjóra í skattframkvæmdinni farið vaxandi. Kom það m.a. fram við upptöku á staðgreiðslu og síðar virðisaukaskatti. Með rafrænum skattskilum sem hófust fyrir röskum áratug jókst hlutur ríkisskattstjóra enn við undirbúning og vélvinnslu álagningar opinberra gjalda.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt var lagt til að landið yrði gert að einu skattumdæmi undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Frumvarpið var lagt fram í nóvember sl. og var markmið þess í aðalatriðum tvíþætt, að auka hagkvæmni við rekstur skattkerfisins og tryggja betri skattskil. Í frumvarpinu kemur skýrlega fram að þessum markmiðum beri að ná án þess að lækkaður kostnaður bitnaði á nærþjónustu og afköstum skattyfirvalda. Sömuleiðis var gert ráð fyrir að skattframkvæmd yrði endurskipulögð til þess að tryggja skilvirka skattframkvæmd.

Með samþykkt frumvarpsins urðu að lögum tillögur sem fyrst voru reifaðar

opinberlega fyrir réttum 40 árum. Margsinnis hefur verið lagt til að skattstofum yrði fækkað eða landið yrði gert að einu skattumdæmi. Slíkt kom m.a. fram í skýrslu um umfang skattsvika frá árinu 1986 en þá var lagt til að landið yrði gert að einu skattumdæmi undir stjórn ríkisskattstjóra. Til vara var lagt til að skattstofum yrði fækkað. Síðustu tillögur þessa efnis komu raunar fram í ársbyrjun 2009 í skýrslu sem Ríkisendurskoðun tók saman.

Eitt skattumdæmi kallar á umfangsmiklar breytingar í skattframkvæmdinni sem nú standa yfir. Er í þeim efnum leitað víðtæks samráðs og samstarfs við fjölda aðila, en einkum þó starfsmanna með skipan margra starfshópa um ýmsa verkþætti í rekstri embættisins. Í hönd fara nýir tíma með endurmati á fyrri starfsháttum, breyttu verklagi og nýrri hugsun við alla skattframkvæmd á komandi árum.

SEP

Áreiðanleiki endurskoðunar



Jóhann G.
Ásgrímsson

Í nóvember sl. skrifaði velmetandi endurskoðandi grein um hlutverk endurskoðenda í Morgunblaðið. Að því er best verður séð var þar allt rétt og satt. Þetta var og er ágætis lýsing á því hvert hlutverk endurskoðenda á að vera, en samkvæmt 1. tl. 1. gr. laga nr. 79/2008 segir að endurskoðandi sé: „Sá sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum ...“

Til þess að geta staðið undir þessum kröfum reynir á hlutleysi endurskoðanda. Hann má ekki á neinn hátt koma að ákvarðanatöku hjá þeim aðila sem hann endurskoðar eða tengjast honum hagsmunatengslum með þeim hætti að það geti ógnað hlutleysi hans. Þetta kom skýrt fram í tilvitnaðri grein, svo skýrt að rætt var um þetta sem grundvöll að tilvist endurskoðenda. En var allt sagt sem segja þurfti? Væri ekki gagnlegt að vita hvernig til tekst að uppfylla þessi metnaðarfullu og göfugu markmið? Afskaplega lítið hefur verið fjallað um það á opinberum vettvangi og ætla ég því að gera tilraun til að bæta þar aðeins úr.

Þóknarir endurskoðenda og hlutleysi þeirra

Hvernig getum við verið viss um að endurskoðendur séu hlutlausir í reynd og í ásýnd? Er hægt að staðfesta að endurskoðendur uppfylli þessar metnaðarfullu kröfur, þ.e.a.s. á annan hátt en með orðum þeirra sjálfra? Við höfum ýmsar vísbendingar sem hægt er að styðjast við, m.a. í 7. mgr. 42. gr. reglna um reikningsskil lána- stofnana nr. 834/2003, en þar segir:

„Í skýringum skal veita upplýsingar um þóknun til endurskoðanda/ endurskoðunarfélags, sem annast ytri endurskoðun fyrirtækisins, sundurliðað í þóknun

fyrir endurskoðun annars vegar og fyrir aðra þjónustu hins vegar.“

Aðgengilegt var að gera könnun á þessu með úrtaki sjö félaga og urðu árin 2005 til 2008 fyrir valinu. Heimildir voru ársreikningar á vefsíðum viðkomandi félaga. Um er að ræða nokkur stærstu félög landsins sem sum hver eru nú fallin og það þrátt fyrir að áreiðanleg og fyrirvaralaus álit endurskoðenda hafi legið fyrir nánast korteri fyrir fall þeirra eins og í tísku er

”

Það er ekki vegna þarfa framkvæmdastjórans sem ársreikningurinn er endurskoðaður.

Endurskoðun ársreikningsins er fyrir notendur, sem eru almennir hluthafar, fjárfestar, fjármálastofnanir, opinberir aðilar o.fl.

að segja um þessar mundir. Þetta einfalda úrtak leiddi í ljós að endurskoðendur hafa að meðaltali 30% tekna sinna af annarri þjónustu en endurskoðun. Hæsta hlutfallið var 60% en það lægsta var 15%. Ef marka má þetta úrtak er verulegur hluti tekna endurskoðenda af annarri þjónustu en endurskoðun. Við skulum hafa í huga að önnur þjónusta endurskoðenda felst m.a. í skattaráðgjöf, stofnun félaga, uppskiptingu fyrirtækja, aðstoð við fyrirtækjafirtökur og fyrirtækjasamruna, þátttaka í gerð áreiðanleikakannana og önnur tengd þjónusta. Þjónusta af þessum toga gæti tengst hagsmunum sem endurskoðandinn þarf síðar að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á. Af þessu mætti lesandinn sjá að mikil trúnaðartengsl endurskoðenda við viðskiptavini sína geta auðveldlega ógnað hlutleysi þeirra. Ef önnur vinna endurskoðanda verður umfangsmikil og hefur

auk þess veruleg áhrif á framsetningu ársreikningsins er raunveruleg hætta á ósættanlegum hagsmunaárekstrum sem gæti stefnt hagsmunum notenda ársreikninga í hættu. Hver fylgist með og hvernig er þá fylgst með að hlutleysi endurskoðandans sé í reynd tryggt við aðstæður sem þessar?

Annað hættumerki sem vert væri að rannsaka betur er að endurskoðun stærri félaga, ekki síst banka, er gjarnan boðin út og lægstþjóðandi fær verkefnið. Þetta hefur leitt til þess að endurskoðendur keppast við að ná verkefnum með því að bjóða sem lægst og verða svo háðir því að hafa tekjur af aukaverkum til að hafa viðunandi afkomu. Þetta er opinbert leyndarmál og styður tölugrunnur úrtaksins sem minnst er á hér að framan þessa ályktun. Þó svo að lögum samkvæmt sé endurskoðandi kosinn á aðalfundi blasir við að hann semur oftast en ekki um laun sín og kjör við daglega stjórnendur fremur en stjórnir félaga. Þá skipta þóknarir fyrir aðra þjónustu oftast en ekki miklu máli.

Það er einnig þekkt að þegar forstjóraskipti verða í félögum gerir nýr forstjóri oft kröfu um að fá ákveðinn endurskoðanda eða þá að hann sér til þess að ráða „endurskoðandann sinn“ þegar hann er kominn til starfa, endurskoðanda sem er honum væntanlega þóknarlegur. Þetta er að sjálfsögðu í engu samræmi við gildandi lög og reglur, en hefur samt viðgengist. Er slík ráðning líkleg til að tryggja hlutlaust og áreiðanlegt álit endurskoðandans á ársreikningum og fjárhagsupplýsingum félagsins?

Á vef The CPA Journal Online¹ er sagt frá könnunum í tengslum við Enron hneykslið sem staðfesta að endurskoðendur hafa gefið afslátt af faglegum endurskoðunarkröfum vegna tekna af annarri þjónustu sem leitt hafa til þess að reikningsskilin hafi verið röng. Aðrar erlendar kannanir staðfesta það sama og gefa til kynna að ástæða sé til að hafa áhyggjur af hlutleysi endurskoðandans þegar tekjur hans af annarri þjónustu eru verulegar. Ekki er örgrannt um að maður spyrji sig hvernig málum sé raunverulega háttað hér á landi hvað þetta varðar. Er þetta e.t.v. einn af orsakabáttum hrunsins sem oft er líkt við Enron-hneykslið?

Könnunin hér að framan og svo reynslan gefa tilefni til að þetta verði rannsakað á hlutlausan og áreiðanlegan hátt.

Á þessum sama vef, The CPA Journal Online er sagt frá skoðanakönnun þar sem spurt var hvaða atriði þátttakendur teldu að hefðu mögulega áhrif á hlutleysi endurskoðenda. Nefnd voru átján atriði og voru þessi þar á meðal:

- Stærð fyrirtækis.
- Langtíma viðskiptasambönd.
- Möguleikar á öðrum verkefnum hjá viðskiptavini.
- Fyrri störf fyrir viðskiptavini.
- Sundurliðun þóknana í ársreikningum.
- Siðferðisvitund og persónueinkenni endurskoðenda.
- Vinnustaðamenning endurskoðunarfyrirtækja.
- Kaupréttir lykilstjórnenda.
- Stjórnir og stjórnendur viðskiptavina.
- Þjálfun endurskoðenda.
- Lögsóknir.

Atriði sem vegur þungt, og oft hefur verið í umræðunni, er þegar tekjur af einu endurskoðunarverkefni eru ráðandi hluti af heildartekjum endurskoðanda og hafa e.t.v. verið það árum saman. Annað dæmi eru sterk persónuleg tengsl. Væri það t.d. traustvekjandi að endurskoðandi færi í árlega laxveiðitúra með stjórnendum síns viðskiptavinar? Atriði sem þessi hafa afar óheppileg áhrif á hlutleysi endurskoðanda og þar með það faglega álit sem hann gefur. Í gegnum tíðina má finna dæmi um þetta í íslenskum veruleika.

Munum að það kom fram í Morgunblaðsgreininni sem ég vísaði til í upphafi að hlutleysi endurskoðandans væri grundvöllur tilvistar hans. Samt hefur ákaflega lítið verið fjallað um þetta efni opinberlega hér á landi, hvorki af endurskoðendum sjálfum né hinum ýmsu fræðasetrum, að ekki sé minnst á opinberar eftirlitsstofnanir og rannsóknaraðila sem margir horfa nú til. Ég held að óhætt sé að fullyrða að á Íslandi hafi skort á að skilvirkt eftirlit hafi verið með hlutleysi endurskoðenda, ekki síst í tengslum við fyrirkomulag þóknana fyrir aðra þjónustu en endurskoðunarstörf. Það væri fróðlegt ef einhver fræðimaðurinn gerði vísindalega könnun á þessum áleitnu málum. Það hlýtur að vera kappsmál endurskoðendastéttarinnar

að styrkja tilvistargrundvöll sinn með skilvirku og sýnilegu eftirliti. Hér er alls ekki um einkamál endurskoðenda að ræða sem aðeins ætti að ræða á lokuðum félagsfundum. Þetta segi ég því að afar lítið fer fyrir því að endurskoðendur hafi á opinberum vettvangi haft frumkvæði að faglegru og upplýsandi umræðu fyrir notendur þjónustu sinnar. Þeir eru jú einu sinni skilgreindir sem opinberir sýslunarmenn og hljóta að hafa skyldur sem slíkir. Væri ekki gott að fjalla endrum og eins um hvers vegna fólk á að geta treyst því að áritun endurskoðenda sé áreiðanleg?

Ábyrgð endurskoðenda

Ekki verður hjá því komist í þessari umfjöllun að ræða aðeins um ábyrgð endurskoðenda og hvað í henni felst. Ábyrgð endurskoðandans er fyrst og fremst gagnvart notendum ársreikninga og fjárhagsskýrslna sem hann hefur gefið álit á. Til



Endurskoðun er yfirlýsing og mat endurskoðandans á hversu áreiðanlegur ársreikningur framkvæmdastjórans er. Hlutverk endurskoðandans er að staðfesta hvort notendurnir geti treyst ársreikningi framkvæmdastjórans. Ýmislegt bendir til að það takist ekki alltaf.

notenda teljast almennir hluthafar hlutafélaga, innlendir sem erlendir fjárfestar, fjármálastofnanir, skattyfirvöld, eftirlitsstofnanir, miðlarar í kauphöllum, einstaklingar o.fl. Ef þessir aðilar eru blekktir getur það haft áhrif á gengi hlutafélaga, gengi gjaldmiðla, gengi sjóða, öryggi sparnaðar, fjárfestingar lífeyrissjóða og jafnvel ávöxtunarkröfu á markaði. Hljómar þetta e.t.v. kunnuglega? Það er ekki tilviljun ein sem ræður því að áreiðanleiki endurskoðenda hefur verið til umræðu í kjölfar hrunsins.

Hver er þá þessi ábyrgð endurskoðenda svona á mannamáli? Í stuttu máli

skilgreina íslenskir endurskoðendur ábyrgð sína í því álitu sem þeir láta í ljós í áritun sinni á ársreikninga og fjárhagsskýrslur. Þar vega þessi atriði þungt í fyrirvalausri áritun, þ.e. að endurskoðandi staðfestir að hann hafi aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að leggja mat á:²

- hvort nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.
- hvort hættu sé á að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka.

Á maður að trúna því að endurskoðendur sem beittu sínum faglegu og áhættumiðu endurskoðunaraðferðum hafi aldrei leitt hugann að því að verulegir annmarkar kunni að hafa verið til staðar í ársreikningum bankanna? Það var gengið svo langt í tilvitnaðri Morgunblaðsgrein að sagt var orðrétt: „Ýmsir aðilar hafa haldið því fram í fjölmiðlum að upplýsingar í ársreikningunum hafi verið rangar og að endurskoðendur hafi áritað þá án athugasemda þrátt fyrir skekkjur.“ Síðar er bætt við „Ekkert hefur þó komið fram sem sýnir að skekkjur hafi verið í ársreikningunum ..“ Samt hrundu bankarnir fljótlega eftir birtingu athugasemdalausra hálfársuppgjöra 2008, með öllum þeim hremmingum sem á eftir fylgdu og ekki sér enn fyrir endann á. Er hægt að halda því fram að ekki hafi verið annmarkar eða skekkjur í reikningum bankanna?

Lokaorð

Megininntak þessarar umfjöllunar hefur verið áreiðanleiki hlutlauss álits endurskoðenda á ársreikningum og fjárhagsskýrslum. Þegar á reynir virðist vera erfitt að fá skýr svör um hvað í þessu felst. Til að skýra línurnar hafa heyrst hugmyndir þess efnis að endurskoðun eigi að vera hluti af opinberu eftirliti þar sem fjárhagstengsl endurskoðanda og þess endurskoðaða verði rofin. Þá ættu þóknar ekki lengur að þurfa að ógna hlutleysi endurskoðandans. Í slíku líkani væri endurskoðun ekki lengur hjá endurskoðunarfyrirtækjum eins og við nú þekkjum þau. Margar útfærslur geta verið á slíku fyrirkomulagi og þyrftu þær ekki vera eins róttækar og þetta hljómar í fyrstu. Gæti ekki verið gagnlegt að velja því fyrir sér?

Meginkrafan hlýtur þó að vera að almenningur fái skýr svör við spurningunni: Hvers vegna getum við treyst því að áritun endurskoðenda sé áreiðanleg? Er það ekki sjálfsgöð krafa?

1 Sjá vefsíðu The CPA Journal Online <http://www.nysscpa.org/cpajournal/2004/1104/essentials/p36.htm>

2 Heimild: http://www.fle.is/fle/upload/files/faglegt_efni/endurskodunarnefnd/aritun_ohads_endurskodanda.pdf

Alþjóðleg samskipti



Guðrún Jenny
Jónsdóttir

Í síðasta tölublaði Tíundar mátti finna umfjöllun um ráðstefnu á vegum OECD um milliverðlagningu og tvísköttunarsamninga sem fulltrúi ríkisskattstjóra sótti. Þar kom fram að ríkisskattstjóri hafi lagt áherslu á að vera virkur í alþjóðlegu samstarfi og samskiptum á sviði skattamála. Fulltrúar frá ríkisskattstjóra hafa sótt fundi hjá alþjóðlegum stofnunum eins og OECD og IOTA að ógleymsu því mikla samstarfi og samráði sem Norðurlandþjóðirnar hafa sín á milli. Þá á ríkisskattstjóri fulltrúa í samninganefnd um tvísköttunarmál. Kostnað við erlenda fundarsókn verður að sjálfsgöðu að meta í ljósi þess ávinnings sem unnt er að fá af fundarsókninni. Að mati þeirrar sem þetta skrifar er alþjóðlegt samstarf mikilvægt lítilli þjóð og í langflestum tilvikum vegur ávinningurinn upp á móti þeim kostnaði sem af hlýst. Ef vel er fylgst með því sem er að gerast í skattamálum erlendra ríkja er unnt að nýta þær leiðir sem þar hafa verið farnar og þar með koma í veg fyrir að við séum að finna upp hjólið þegar takast þarf á við breytingar í íslenski skattalöggjöf. Síðast en ekki síst er mikilvægt að fylgst sé með nýjustu straumum og stefnum á þessu sviði sem og öðrum.

Fundur norrænna embættismanna – ágúst 2009

Á þessum árlegu fundum sem fulltrúar fjármála-/skattaráðuneytanna og norrænna ríkisskattstjóra sitja er farið yfir þau vandamál sem upp koma við túlkun og framkvæmd á tvísköttunarsamningi Norðurlandanna, ný löggjöf er kynnt, nýjasta dóma- og úrskurðarframkvæmd er reifuð og önnur sameiginleg mál rædd. Á fundinum í ágúst sl. var meðal annars

upplýst um stöðu samningaviðræðna við skattaskjól en Norðurlöndin hafa sameiginlega farið í samningaviðræður við m.a. Jersey, Guernsey, Cayman eyjar og Bresku-Jómfrúreyjar. Upplýsingaskiptasamningar hafa verið gerðir milli Norðurlandanna og framangreindra landssvæða sem kveða á um skyldu til að afla upplýsinga og miðla þeim. Þá var upplýst að öll Norðurlöndin hafi gert viðauka við gildandi tvísköttunarsamninga við Lúxemborg og Belgíu þar sem upplýsingaskiptaákvæði samninganna er fært til samræmis við nýjasta texta OECD.

”

Ef vel er fylgst með því sem er að gerast í skattamálum erlendra ríkja er unnt að nýta þær leiðir sem þar hafa verið farnar og þar með koma í veg fyrir að við séum að finna upp hjólið þegar takast þarf á við breytingar í íslenski skattalöggjöf

Lúxemborg og Belgía hafa þannig fellt úr gildi þá fyrirvara sem þessi ríki höfðu sett fram um 26. gr. tvísköttunarsamningsfyrirmynda OECD. Ennfremur kom fram að Lichtenstein hefði sett sig í samband við öll Norðurlöndin með beiðni um tvísköttunarsamningsviðræður.

Norðmenn upplýstu að þeir hefðu innleitt sparnaðartilskipun Evrópusambandsins og fram kom hjá fulltrúum Íslands að engin afstaða hefði enn verið tekin til þess hvort þessi kostur væri fýsilegur fyrir Ísland.

Svíar kynntu álitamál þar sem deilur stóðu milli skattaðila og skattfirvalda um það hvaða ákvæði tvísköttunarsamningsins milli Norðurlandanna bæri að beita á greiðslur úr ábyrgðarsjóði vegna

gjaldþrots launagreiðanda. Ber að beita 15., 18., 19. eða jafnvel 23. gr. samningsins þegar skattaðili fær greitt frá sænskum ábyrgðarsjóði en býr í öðru Norðurlandi? Öll ríkin voru sammála um að beita bæri 15. gr. samningsins sem fjallar um skattlagningu vinnulauna, enda er greiðslan sem ábyrgðarsjóðurinn greiðir ígildi launa fyrir vinnu sem innt hefur verið af hendi.

Fulltrúar Íslands kynntu breytingar sem gerðar hefðu verið á íslenskum skattalögum á árinu. Aðrir fulltrúar voru mjög áhugasamir um áhrif kreppunnar á íslenska stjórnsýslu og hvort verkefni skattfirvalda hefðu breyst vegna breyttra aðstæðna í viðskiptalífinu.

Á fundinum fór fram afar gagnleg umfjöllun var um hugtakið fasta starfsstöð. Fulltrúar ríkjanna upplýstu hvernig hugtakið væri skilgreint í þeirra innanlandsrétti og þau álitafni sem upp hefðu komið við túlkun á því hvort um væri að ræða fasta starfsstöð eða ekki. Ennfremur var rætt um hvort og hvernig ríkin hefðu takmarkað rétt til að draga vaxtagjöld frá rekstrartekjum þegar um væri að ræða lán milli tengdra aðila.

Fundargestir skiptust svo á upplýsingum um yfirstandandi tvísköttunarsamningaviðræður og upplýsingum um hvernig skattlagningu erlendra listamanna er háttað.

Fundur í vinnuhópi 1 hjá OECD – Tvísköttunarsamningar og tengd mál

Innan OECD starfar vinnuhópur 1 sem fjallar um tvísköttunarsamninga og tengd mál. Hópurinn fær til umfjöllunar þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á texta tvísköttunarsamningsfyrirmynda OECD og getur tekið upp ýmis mál að eigin frumkvæði. Það eru fulltrúar frá fjármála- eða skattaráðuneytum ásamt fulltrúum frá skattfirvöldum sem sækja fundina enda er jafnt verið að ræða lagasetningu, framkvæmd tvísköttunarsamninga og upplýsingaskipti. Í ár sat 91 fulltrúi septemberfundinn. Hópurinn fundar alla jafna tvisvar á ári, í febrúar og september. Sept-



emberfundurinn hefur undanfarin tvö ár verið haldinn í beinu framhaldi af Global Forum ráðstefnunni.

Dagskráin fyrir fundardagana tvo var þétt og ljóst að fundarstjóri þurfti að taka á honum stóra sínum til að halda áætlun enda voru stór mál til umræðu sem kölluðu á miklar umræður meðal fundargesta.

Langmesti tíminn fór í að ræða fjóra af sautján dagskrárlíðum:

- skýrsludrög um það hvort og hvernig ýmsir fjárfestingasjóðir (Collective investment vehicles) geti notið verndar tvísköttunarsamninga.
- fyrirhugaðar breytingar á texta 7. gr. samningsfyrirmyndar OECD en þar voru lítillaga reifaðar frammar í þessari grein.
- breytingar sem fyrirhugað er að gera á greinargerðartexta með samningsfyrirmyndinni um hugtakið „beneficial owner“. Mörg ólík viðhorf voru reifuð og voru margir fulltrúar á því að ekki væri rétt að njörva hugtakið niður í

greinargerðartextanum enda bæri það undir ríkin sjálf að skilgreina hugtakið í sínum landsrétti.

- fyrirhugaðar breytingar á skýringartexta við 2. mgr. 15. gr. samningsfyrirmyndar OECD þar sem skýra á betur hvernig meta beri útleigu á vinnuafli og hvaða áhrif það hefur á beitingu ákvæðisins.

Þá kynntu Indland, Bandaríkin og Bretland fyrirhugaðar breytingar á skattalögjöf sinni. Athyglisvert var að heyra fulltrúa Bandaríkjanna greina frá því að til stæði að leggja auknar upplýsingaskyldur á fjármálafyrirtæki sem færa fjármuni yfir á bankareikninga í skattaskjólum. Í máli bandaríska fulltrúans endurómuðu þau sjónarmið sem fram koma í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 46/2009. Þá hafa Bretar í hyggju að afnema skattlagningu á arði sem greiddur er frá erlendum fyrirtækjum til breskra fyrirtækja.

OECD kynnti skattalega meðferð á losunarheimildum. Í Evrópu er virkur markaður þar sem losunarheimildir eru seldar

og keyptar. Einhver ríki hafa tekið upp ákvæði í skattalög sín um skattlagningu á tekjum af losunarheimildum og frádráttarrétt við kaup á þeim. Ljóst er að íslensk skattfyrirvöld þurfa að huga að þessum málum og kanna hvort gera þurfi viðeigandi breytingar á íslenskum skattalögum.

Mörg ríki hafa fallið frá fyrirvörum sem þau gerðu við 26. gr. samningsfyrirmyndar OECD en sú grein fjallar um upplýsingarskipti. Upplýst var að þau ríki sem þar voru í fararbroddi, Lúxemborg, Belgía, Austurríki og Sviss hafa nú öll fallið frá sínum fyrirvörum.


Greint var frá starfi undirhóps sem fjalla á um skilgreiningu á hugtakinu „föst starfsstöð“ en Ísland á fulltrúa í þeim undirhópi. Hópnum er ætlað að koma með tillögur um breytingar á skýringartexta við 5. gr. samningsfyrirmyndar OECD en ekki eiginlega stefnubreytingar.




Starfsfólk við sameiningu skattufirvalda þann 18. desember 2009
ásamt Guðmundi Árnasyni og Angantý Einarssyni frá fjármálaráðuneytinu



Venslakerfið



Mynd sem sýnir venlanet Samherja



Hér er leitað að venslum á milli tveggja útgerðarmanna í Vestmannaeyjum



Jón Jósef Bjarnason


Hugmyndin að kerfi þar sem á auðveldan hátt má rekja tengsl einstaklinga við fyrirtæki og í gegnum fyrirtæki kviknaði árið 2006 þegar ég var að aðstoða lögreglu við að rekja tengsl einstaklinga inn í viðskiptalífið. Þessi vinna og vinnsla niðurstaðna var flóknari en hún þurfti að vera og mér varð ljóst að upplýsingar af þessu tagi hlýtu að vera unnar nokkuð reglulega hjá lögreglu, tolli, skattrannsóknaraðilum, eftir-

litsstofnunum, fyrirtækjum og stofnunum sem ber lagaleg skylda til að vita hvernig einstaklingar tengjast, s.s. fyrirtækjaskrá og þeir sem eru tilkynningaskyldir varðandi innherjaupplýsingar.

Mynstur- og áhættugreining hefur verið snar þáttur í minni starfsemi, en ég hafði skrifað nokkur mjög árangursrík misferlisgreiningarkerfi fyrir fyrirtæki erlendis (t.d. http://www.it-cons.com/products/it112_0403.pdf). Með því að bæta við áhættugreiningu sem m.a. tengdist venslum einstaklinga væri hægt að stækka markaðinn fyrir kerfi af þessu tagi og með það var lagt af stað. Árið 2007 var kominn vísir að kerfi sem lögreglan hafði afnot af í tilraunaskyni. Þá voru gerðar nokkrar tilraunir til þess að markaðssetja kerfið innanlands, en þær tilraunir báru

ekki ávöxt. Unnið var áfram að þróun eftir mætti og árið 2008 var kerfið talið orðið vel nothæft þótt enn séu ekki allir þættir í því sem til stóð að setja inn. Treglega gengur þó að selja það eða fá fjármagn í þróun þess. Ákveðið var að bæta inn upplýsingum um kvótamál. Sumarið 2009 var fyrsta salan á kerfinu til eftirlitsstofnunar, en þá um haustið kviknaði töluverður áhugi almennings á kerfinu þegar DV og síðar RÚV birtu flóknar venslamyndir úr því.

Rel8 (relate) er venslakerfi sem sýnir í vafra á myndrænan hátt tengsl á milli hluta. Hver hlutur á myndunum er mappaður þannig að hægt er að leiða sig áfram í venslagrafinu. Með upplýsingum úr viðskiptalífinu nýtist rel8 sem áhættugreiningarverkfæri þar sem auðveldlega má sjá hagsmunatengsl, hagsmunaárekstra,



hugsanlegt kennitölufylki, eignatengsl, hugsanlega proxy stjórnendur o.fl. Þar má einnig sjá sögulegar upplýsingar sem geta nýst við áhættumat og athuga hvernig og hvort einstaklingar og fyrirtæki tengjast með einhverjum hætti.

Myndirnar má nota beint í skýrslur en þær eru vatnsmerktar svo að uppruni þeirra fari ekki á milli mála.

Rel8 er annarsvegar aðgengilegt áskrifendum í gegnum internetið og hins vegar í lokuðu umhverfi stofnana og fyrirtækja. Í áskriftarkerfinu eru upplýsingar sem ekki þarf leyfi Persónuverndar til þess að birta þó að söfnun þeirra sé háð því að hún sé tilkynnt til Persónuverndar.

Í þeim grunni eru upplýsingar úr fyrirtækjaskrá, Þjóðskrá, frá Fiskistofu og fleiri skrá, en einnig frá hópum sem skrá upplýsingar um kjörna fulltrúa, embættismenn, stjórnir opinberra stofnana og fyrirtækja, stjórnir stéttarféлага og lífeyrissjóða, kvótaviðskipti o.fl.

Kerfi sem keyrð eru innandyra hjá fyrirtækjum og stofnunum geta innihaldið viðkvæmar persónuupplýsingar, en tengja má hvaða gögn sem er við grunnupplýsingarnar. Ef lykjar eru ósamræmdir eru smíðaðar þýðingatöflur sem tengja gögnin saman. Áhersla er á að gera allar uppfærslur sjálfvirkar og á þeirri tíðni sem gagnast best. Af myndunum á að vera

hægt að ráða um hverskonar hlut er að ræða, persónu (kyn, látinn, erlendur), fyrirtæki (rekstrarform, gjaldþrot, brottfellt, hlutafé o.s.frv) og aðra hluti með virk vensl s.s. báta og skip, kvóta, lána-skjöl o.þ.h. Þá eru einnig hlutir sem veita nánari upplýsingar en hafa enga virkni í venslum s.s. athugasemdir, tilgangur, aðgengileg skjöl, hverjir rita firmað o.þ.h. Af venslunum á að vera hægt að sjá hvort þau eru virk eða söguleg og hvaðan gögnin koma.

Á stóru myndinni hér að framan er til að mynda venslamynd af Samherja hf. Vinstra megin eru fyrirtæki sem Samherji er umboðsmaður fyrir, hefur eignatengsl við eða félög sem hafa verið sameinuð Samherja. Litir á venslínunum eru í flestum tilfellum til þess að auðvelda notandanum að greina myndina og ástæður þess sjást vel í flóknnum venslamyndum. Hægra megin eru stjórnendur, fyrrum stjórnendur, bátar og skip sem hafa fengið úthlutað kvóta og upplýsingar sem ekki eru venslamyndandi. Þarna sést t.d. að 27 skjöl eru aðgengileg, hverjir rita firmað, í hvaða atvinnugreinarflokki félagið er (ÍSÁT), tilgangur og lögheimili. Söguleg tengsl eru merkt með punktalínunum, heilar línur sýna vensl sem eru virk. Strikalína sýnir svo vensl sem hafa verið skráð sérstaklega. Þá er einnig gerður greinarmunur á venslum sem notandinn hefur sjálfur skráð en hægt er að slá upplýsingar beint inn í kerfið sem eru þá einvörðungu sýnilegar viðkomandi notanda.

Aðgengi að upplýsingum um hlutabréfaeign er almennt takmarkað. Sé um almenningshlutafélag á markaði að ræða er litið á upplýsingar um stærstu eigendur sem opinberar upplýsingar, en almennt er litið á hlutabréfaeign sem viðkvæmar persónuupplýsingar þegar um einstaklinga er að ræða þótt aðgengi að slíkum upplýsingum megi í mörgum tilfellum flokka sem almannahagsmuni. Ástæður fyrir því að slíkar upplýsingar liggja ekki fyrir varðandi lögaðila eru mér óljósar. Rel8 getur hins vegar birt þessar upplýsingar og notað sem önnur vensluð gögn séu þau fyrir hendi.

Fjölmar gar viðbætur eru væntanlegar í kerfið. Má þar nefna auk áhættuþáttunar, flokkunarmöguleika þar sem hægt er að mynda hópa einstaklinga og fyrirtækja (líkt og kolkrabbinn, S-hópurinn o.s.frv.) sem hegða sér þá líkt og ein eining í stað margra. Einnig tímaraðir þar sem hægt verður að skoða stöðu á ákveðnum tímabilum.



Aftari röð: Gunnar Karlsson, Sigmundur Stefánsson, Stefán Skjaldarson, Ingi Tómas Björnsson og Steinþór Haraldsson. Fremri röð: Rósa Helga Ingólfssdóttir, Gestur Steinþórsson, Karl Lauritzson og Hanna Björnsdóttir - síðasti hópur sjálfstætt skipaðra skattstjóra.

Gestur Steinþórsson og Karl Lauritzson kveðja skattkerfið

Við þau tímamót að skattumdæmin voru sameinuð við embætti ríkisskattstjóra í ársbyrjun 2010 hafa þeir Gestur Steinþórsson og Karl Lauritzson sem báðir hafa um áratuga skeið gegnt embætti skattstjóra ákveðið að láta af störfum.

Gestur Steinþórsson hóf störf á skattstofunni í Reykjavík á árinu 1977 og gegndi fyrst stöðu skrifstofustjóra en varð skattstjóri á árinu 1978 og gegndi þeirri stöðu óslitið síðan eða í rúm 30 ár. Hann hefur síðustu ár verið formaður Skattstjóraráfélags Íslands og komið fram af hálfu skattstjóra á skattstjóraráfundum og öðrum viðburðum á þeim vettvangi. Gestur hefur tekið virkan þátt í mótun skattfrankvæmdar á fundum og í nefndastörfum. Hann sat m.a. í undirbúningsnefnd við breytingarnar á skattfrankvæmd sem urðu í kjölfar laga nr. 40/1978, sat í samráðsnefnd um upptöku staðgreiðslu 1987, nefnd sem annaðist skilgreiningu skatteftirlits 1993 og nefnd sem samdi drög að reglugerð nr. 373/2001 um frankvæmd skatteftirlits og skatt-rannsóknna. Gestur hefur ætíð haft sterk-

ar skoðanir á því með hvaða hætti skattfrankvæmdinni skyldi háttað. Það hefur löngum verið sagt að á Gest sé hlustað þegar hann taki til máls. Við lok starfsferils hans þegar undirbúningur að einu skattumdæmi stóð yfir, hvatti hann samstarfsmenn sína til að taka breytingum með jákvæðum hætti svo að sameiningin gengi hnökralaust fyrir sig. Eftir því var tekið.

Karl Lauritzson gegndi skattstjóraembætti í rétt 20 ár í Austurlandsumdæmi. Hann kom til starfa beint frá prófborði í Svíþjóð þar sem hann stundaði framhaldsnám eftir að hann lauk háskólaprófi frá Háskóla Íslands. Karl hafði áður starfað á skattstofunni og var á þeim tíma einn fyrsti viðskiptafræðingurinn sem réðst til almennra starfa í skattkerfinu utan höfuðborgarsvæðisins. Fyrir


fáum árum var viðtal við Karl í Tíund, en þar lýsir hann upphafsárum sínum sem skattstjóri og hvernig var að koma óreyndur að svo viðamiklu starfi. Karl mótaði síðan verklag skattstofunnar eftir breytilegum aðstæðum á hverjum tíma. Sýndi það sig best þegar mæta þurfti auknum verkefnum samfara virkjunarfrankvæmdum við Kárahnjúka að Karl og samstarfsmenn voru ekki vanbúnir að mæta því álagi sem óneitanlega fylgdi.

Samstarfsmenn Gestis og Karls þakka þeim ánægjulegt samstarf undanfarna áratugi og óska þeim velfarnaðar um ókomin ár. Þeir félagarnir voru kvaddir með viðhöfn í upphafi árs. Þá var meðfylgjandi ljósmynd tekin af þeim í hópi félaga sinna, skattstjóranna.

SEP/IJR

Virðisaukaskattsskrá ríkisskattstjóra

- þróun hennar og framtíðarsýn



Kristín
Norðfjörð

Fyrir nokkrum árum var virðisaukaskattsskráin sett á vef ríkisskattstjóra og mönnum gert kleift að fylgjast með því hvort aðili væri með opið eða lokað virðisaukaskattsnúmer. Ríkisskattstjóri hefur nú bætt um betur og nú er hægt að sjá hvenær númer var opnað og hvenær því var lokað. Þessi aðgerð er til mikilla bóta sem þáttur í eftirliti því nú er hægt að ganga úr skugga um hvort aðili var með opið númer þegar viðskipti áttu sér stað. Að óbreyttum lögum er þó hvorki hægt að hafna innskatti né endurgreiðslu vegna reikninga frá aðilum með lokað númer ef reikningur uppfyllir að öðru leyti formskilyrði virðisaukaskattslaga. Þennan skilning hefur yfirséðanefnd staðfest í úrskurði sínum nr. 176/1999.

Vinna manna á byggingarstað

Með lögum nr. 10/2009 var lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 breytt á þann veg að nú geta aðilar fengið virðisaukaskatt af vinnu manna á byggingarstað við íbúðarhúsnæði að fullu endurgreiddan í stað 60% áður. Ákvæðið var útvíkkað og nær m.a. til vinnu við frístundahúsnæði og er það nýlunda sem gildir til 1. janúar 2011. Sem betur fer er það svo að flestir hafna nótulausum viðskiptum. Ástæða þess er meðal annars sú að þá eru menn betur tryggðir gegn ágreiningi sem síðar kann að koma upp. Þess ber að geta allir reikningar af þessum toga eru skráðir í launamiðakerfi ríkisskattstjóra. Það er mjög auðvelt fyrir almenning að fylgjast með því hvort aðili sem selur þjónustu sína sé með opið eða lokað númer. Farið er inn á vef ríkisskattstjóra www.rsk.is og á forsíðunni til hægri

er hlekkur þar sem stendur VSK númer. Það sem hins vegar er ekki hægt að sjá er hvort aðili er áætlaður í virðisaukaskatti og það rýrir gildi virðisaukaskattsskrárinnar. Á þessu kann að verða ráðin bót ef tillaga ríkisskattstjóra um heimild skattyfirvalda til þess að afturkalla virðisaukaskattsnúmer áætlaðra aðila nær fram að ganga.

Áætlanir

Lög um virðisaukaskatt voru samþykkt árið 1988 og komu til framkvæmda 1. janúar 1990. Nokkrum árum eftir að lögin voru samþykkt fór að bera á áætlunum í virðisaukaskatti og hafa þær verið vaxandi vandamál síðan. Til skýringar þykir rétt að gera grein fyrir því að áætlaður aðili í virðisaukaskatti er sá sem ekki skilar virð-

”

Á árunum 2000-2006 var 81% sekta yfir 8 milljónir gert upp í samfélagsþjónustu. Það blasir við að ríkið verður af gríðarlegum fjármunum vegna ógreiddra sekta.

isaukaskattsskýrslu á réttum tíma. Margar skýrslur hafa verið skrifaðar um svarta atvinnustarfsemi, áætlanir og fleira af sama toga. Lagðar hafa verið fram góðar tillögur til að vinna bót á þessu og ýmsar leiðir reyndar. Því miður er langt frá því að ástandið sé viðunandi og áætlanir eru enn þungur baggi á ríkissjóði sem verður af háum fjárhæðum á hverju ári vegna þessarar ólögsmætu háttsemi.

Um það bil 32 þúsund aðilar eru á grunnskrá virðisaukaskatts og sæta um 20% þeirra áætlun við álagningu. Nokkuð stór hópur skilar þó skýrslu síðar, með

eða án greiðslu. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2007 kemur fram að 1.800 lögaðilar og 1.500 einstaklingar hafa fengið áætlun samfelt í fjögur ár. Í skýrslu starfshóps sem ríkisskattstjóri lét vinna fyrir sig um áætlanir í virðisaukaskatti á árinu 2008 var talið að u.þ.b. 1.500 aðilar skili aldrei lögboðnum gögnum eða gjöldum. Áætlanir hlaðast upp og engin úrræði eru að óbreyttum lögum til að stöðva áætlaða aðila og fer mikill tími skattyfirvalda og innheimtumanna í umsýslu vegna þeirra.

Refsiákvæði

Í nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar „Eftirlit með innheimtu sekta og sakarkostnaðar“ sem birt er á vef Ríkisendurskoðunar www.ríkisendurskodun.is er greint frá því að háar skattsektir innheimtist yfirleitt ekki. Ef aðili er dæmdur til að greiða sekt samkvæmt dómi þarf hann að greiða hana innan ákveðins frests. Ef niðurstaðan er sú að aðili sé ógjaldfær fylgir vararefsing sem er fangelsisvist. Eins og nú er ástatt virðist ekki vera til fangelsisrými í landinu. Aðili getur því óskað eftir því að fullnusta refsingu í samfélagsþjónustu. Hann getur sinnt starfi sínu áfram og haldið virðisaukaskattsnúmeri sínu opnu ef því er að skipta. Hann sinnir samfélagsþjónustu í frítíma sínum og þegar henni lýkur telst hann hafa gert upp sekt sína. Það er ekki flókið að reikna út að tímakaupið er hátt. Þess ber þó að geta að skattaskuldinni, sem undan var dregin, er að sjálfsögðu haldið við með innheimtuaðgerðum svo að hún fyrnist ekki.

Í ofangreindri skýrslu kemur fram að lítill hluti sekta sem dómstólar dæma aðila til greiðslu á sé greiddur. Á árunum 2000-2006 var 81% sekta yfir 8 milljónir gert upp í samfélagsþjónustu. Það blasir við að ríkið verður af gríðarlegum fjármunum vegna ógreiddra sekta.

Lög nr. 42/1995, um breytingar á refsíákvæðum nokkurra skattalaga, voru sett með það að markmiði að vinna með

heilsteypum og skilvirkum hætti gegn skattsvikum og var það gert með því að herða refsingar og hækka sektir. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að veruleg hættu sé á því að vegið sé að þeim varnaðaráhrifum sem sektum við umfangsmiklum skattalagabrotum er ætlað að hafa með því að heimila mönnum að leysa sig undan refsingu með samfélagsþjónustu. Í Noregi, Svíþjóð og Danmörku er ekki unnt að breyta vararefsingu í samfélagsþjónustu.

Skodum nú raunverulegt dæmi. Byggingaraðili hafði sætt áætlun ár eftir ár bæði í virðisaukaskatti og tekjuskatti og sinni ekki bréfum skattstjóra. Í launamíðakerfi ríkisskattstjóra komu fram háar verktakgreiðslur. Skattstjóri ákvað að vísa byggingaraðilanum til skatt-rannsóknarstjóra sem lauk málinu með skýrslu. Ekki var ágreiningur um þær verktakgreiðslur sem undan var skotið. Þar sem um háar fjárhæðir var að

ræða töldust brotin alvarleg og var málinu vísað til efnahagsbrotadeildar ríkislög-reglustjóra sem ákærði aðila fyrir meiri háttar brot gegn skatta- og bókhaldslögum. Málsatvik lágu ljós fyrir og ákærði játaði skýlaust brot sín. Dómurinn hljóðaði upp á fjögurra mánaða fangelsi sem skyldi falla niður að tveimur árum liðnum ef ákærði héldi almennt skilorð. Þá var ákærða gerð sektarrefsing að fjárhæð u.þ.b. kr. 16.000.000 sem var tvöföld vanskilafjárhæð og kæmi fjögurra mánaða fangelsi til framkvæmda ef sektin yrði ekki greidd.

Miðað við það sem fram hefur komið í skýrslu ríkisendurskoðunar má gera ráð fyrir að þessi aðili muni hvorki greiða sekt sína né afplána fangelsisvist þ.e. vararefsinguna enda munu vera 1800 manns á biðlista um afplánun vararefsingar vegna gjaldfallinna fésekta.

Þessi byggingaraðili getur unnið sem verktaki eins og ekkert hafi í skorist. Hann innir samfélagsþjónustuna af hendi í frítíma sínum og greiðir þannig sektina að fullu. Það er ekki mikil hvatning fyrir þennan aðila að standa í skilum á virðisaukaskatti en hann vill tvímælalaust halda númeri sínu opnu og hann á rétt á því miðað við núgildandi reglur.

Skýrsla starfshóps

Ríkisskattstjóri lét starfshóp vinna fyrir sig skýrslu á árinu 2007 um áætlanir í virðisaukaskatti og tillögur til úrbóta. Í skýrslunni er lagt til að svipaðar reglur verði teknar upp hér á landi og tíðkast í Danmörku hvað áætlanir varðar.

Í fyrsta lagi er lagt til að skattyfirvöld fái heimild til að afturkalla virðisaukaskattsnúmer þeirra aðila sem sæta ítrekað áætlun. Með því eykst áreiðanleiki upplýsinga úr virðisaukaskattsskránni þar sem sá hópur sem nú er áætlaður myndi birtast með lokað númer.

Í öðru lagi gætu aðilar sem vildu komast aftur á virðisaukaskattsskrá þurft að sæta ákveðnum ströngum skilyrðum til dæmis að leggja fram tryggingar eða skila mánadærlaga innheimtum virðisaukaskatti í síðasta lagi á gjaldþaga.

Í þriðja lagi er lagt til að þeir sem sæta áætlun greiði þjónustugjald vegna þess óhagræðis sem háttarlag þeirra veldur. Það yrði til þess að meiri festa kæmist á skattframkvæmdina og áætlunum myndi fækka til muna.

Hugmyndir eru einnig uppi um að leggja meiri ábyrgð á kaupanda þjónustunnar þannig að kaupandi beri ábyrgð á því að sá sem hann á viðskipti við sé með opið virðisaukaskattsnúmer. Virðisaukaskattsskráin getur því orðið mjög öflugt tæki til að spyrna gegn svartri atvinnustarfsemi ef þær tillögur sem hafa komið fram hjá starfshópi ríkisskattstjóra ná fram að ganga.


Almenningur í landinu á skýlausa kröfu á að skattyfirvöld haldi uppi skil-

virku skatteftirliti. Ofangreindar tillögur eru tvímælalaust til þess fallnar að bæta skatteftirlit og koma í veg fyrir að aðili sæti ítrekað áætlun. Til þess að ná þessu fram verða stjórnvöld að grípa til úrræða bæði í löggjöf og framkvæmd.



Álagning lögaðila

Í lok október 2009 luku skattstjórar við að leggja tekjuskatt, tryggingagjald og ýmis smærri gjöld á lögaðila. Alls voru nú 42.563 lögaðilar á grunnskrá en þar af voru 34.195 skattskyld fyrirtæki og 8.368 lögaðilar sem undanþegnir eru almennum tekjuskatti. Á undanförunum árum hefur lögaðilum, og þá aðallega einkahlutafélögum, fjölgað mjög mikið. Við álagningu árið 2009 voru meira en helmingi fleiri lögaðilar í landinu en við álagningu árið 2000 en þá voru 15.900 lögaðilar á skattgrunnskrá. Skattskyldum lögaðilum fjölgaði nú um 1.365 á milli ára sem er minnsta fjölgun sem sést hefur síðan á milli árunna 1996 og 1997.



Páll Kolbeins

Þriðjungur skilaði ekki fyrir skilafrest

Lokið var við að leggja skatta og gjöld á lögaðila í lok október sl. en þá höfðu aðeins um tveir þriðju hlutar gjaldskyldra lögaðila skilað skattframtali eins og lög gera ráð fyrir. Þeim félögum sem ekki skila skattframtali á tilsettum tíma hefur fjölgað mjög að tiltölu á undanförunum árum. Þegar félögum á skattskrá fjölgar, fjölgar að sama skapi þeim sem ekki skila skattframtali. Rúmur þriðjungur lögaðila, eða 11.069 af þeim 34.195 félögum sem voru á skattgrunnskrá við álagningu 2009, hafði ekki skilað skattframtali fyrir skilafrest og áætluðu skattstjórar því gjöld þessara félaga. Tæpir 17,9 milljarðar af þeim tæpu 35,4 milljörðum, sem lagðir voru á í tekjuskatt og rúmir 9,5 milljarðar af þeim 45,2 milljörðum sem lagðir voru á í tryggingagjald í október byggja á mati eða áætlun skattstjóra. Eftir að álagningu lýkur halda framtöl áfram að berast. Þau framtöl sem skilað er eftir að fresti lýkur fara í kærumeðferð.

Hinn 2. febrúar sl. höfðu 25.556 skattskyldir lögaðilar skilað skattframtali. Þannig hafa nú þrír af hverjum fjórum tekjuskattskyldum lögaðilum skilað framtali til skatt-yfirvalda. Ef tekið er mið af skilum síðustu ára, en undanfarið hafa um 85% félaga skilað skattframtali, má búast við að eitthvað á þriðja þúsund framtöl eigi enn eftir að


berast. Þannig hafa 27.116 lögaðilar skilað rafrænu skattframtali vegna rekstrar ársins 2007 en við álagningu í október 2008 höfðu aðeins 22.380 gjaldskyldir lögaðilar skilað.

Þó svo að oft og iðulega séu það frekar félög með engan rekstur sem vanrækja að skila framtali er ljóst að álagningartölur eiga eftir að taka nokkrum breytingum þegar líður á árið. Þau framtöl sem þegar hafa borist ættu þó að gefa nokkuð góða mynd af því sem vænta má.

Rafræn skattframtöl komu fyrst til sögunnar árið 1997, en á þeim tíma vantaði nokkuð upp á að allir lögaðilar skiluðu rafrænu skattframtali. Allt frá árinu 2000 á hins vegar að vera óhætt að bera saman tölur úr framtölum frá ári til árs, enda voru öll stærstu fyrirtækin í landinu farin að skila rafrænum framtölum

á þessum tíma. Að svo miklu leyti sem rafræn skattframtöl eru rétt og skilmerkilega útfyllt gefa þau nokkuð góða mynd af rekstri einstakra fyrirtækja sem og fyrirtækja í landinu öllu.

Óhætt er að fullyrða að skattframtöl ársins 2009, vegna rekstrarársins 2008 bera vitni um þau miklu umskipti sem urðu í íslensku efnahagslífi síðla árs 2008, þúsunda milljarða tap fyrirtækja og atvinnugreina sem um árabíl voru helsti vaxtarbroddur íslensks atvinnulífs. Þó að afleiðingar hruns fjármálakerfisins hafi vafalaust enn ekki verið að fullu komnar fram í árslok 2008 lítur út fyrir að fjöldi fyrirtækja sé enn vel rekinn, standi traustum fótum og skili eigendum sínum góðum arði þrátt fyrir þær sviptingar sem orðið hafa.



Rekstrargjöld hærrí en tekjur

Þó svo að rekstrartekjur fyrirtækja hafi verið ívið hærrí árið 2008 en árið á undan voru samanlagðar rekstrartekjur fyrirtækja þó í fyrsta skipti lægri en rekstrargjöld. Framan af tíunda áratugnum hækkuðu rekstrartekjur mjög mikið. Þær voru rúmir 1.302 milljarðar árið 2003 en rúmir 3.211 milljarðar árið 2008, skv. framtali ársins 2009. Rekstrartekjur fyrirtækja hækkuðu þannig um 146,5% á fimm árum. Hér er að sjálfsögðu um að ræða tekjur af reglulegri starfsemi fyrirtækja sem eiga að standa undir rekstrarkostnaði og sjá eigendum og lánardrottnum fyrir ásættanlegri ávöxtun á það fjármagn sem bundið er í starfsemi.

Eins og gefur að skilja hafa rekstrartekjur fyrirtækja ávallt verið ívið hærrí en rekstrargjöld, en nú bregður svo við að rekstrargjöld voru mun hærrí. Rekstrargjöld skv. skattframtölum ársins 2009 voru samtals um 7.580 milljarðar, 4.369 milljörðum hærrí en rekstrartekjur. Hér skiptir sköpum að rekstrartap nokkurra fjármálafyrirtækja, þar á meðal bankanna sem fóru í þrot, hljóp á þúsundum milljarða árið 2008.

Fyrirtæki færa til bókar afskrifaðar viðskiptakröfur upp á 3.282 milljarða og sölutap upp á 639 milljarða en hér er um varúðarráðstöfun að ræða og óvíst hvort tapið verði svo mikið þegar upp er staðið.


Rekstrartekjur og rekstrargjöld

Fleiri félög voru rekin með hagnaði en tapi rekstrarárið 2008. 12.026 félög voru rekin með afgangi en rekstrartekjur þeirra voru 410 milljörðum hærrí en rekstrargjöld. Rekstrartekjur þessara félaga voru 2.091 milljarðar. Rétt er að taka fram að á skattframtali rekstraraðila eru fyrningar taldar til rekstrargjalda.

Árið 2007 var afgangur af rekstri 13.349 félaga og þannig fækkaði nokkuð þeim félögum sem rekin voru með afgang af venjulegri starfsemi milli ára, eða um 1.323. Rekstrargjöld 9.040 félaga voru hins vegar hærrí en rekstrartekjur, en árið áður voru rekstrargjöld 9.226 fyrirtækja hærrí en rekstrartekjur. Rekstrargjöld þessara 9.040 fyrirtækja voru nú 5.899 milljarðar en tekjur 1.120 milljarðar. Gjöldin voru því 4.779 milljörðum hærrí en tekjurnar. Hafa þarf í huga að framtöl eiga enn eftir að berast og því eru árin ekki að fullu sambærileg.

Töpuðu 9.619 milljörðum

Þegar tekið hefur verið tillit til fjármagnstekna og gjalda, söluhagnaðar eða taps af



hlutabréfum og ýmissa óreglulegra liða stendur eftir hagnaður eða tap skv. ársreikningi félagsins. Íslensk félög töpuðu óheyrilega háum fjárhæðum reikningsárið 2008, eða 9.619 milljörðum. Til samanburðar má geta þess að tekjur ríkisins voru 471,9 milljarðar skv. ríkisreikningi fyrir árið 2008. Gjöldin voru 687,9 milljarðar. Hagstofan áætlar að verg landsframleiðsla hafi verið um 1.477,6 milljarðar árið 2008. Hér skipta auðvitað mestu gjaldþrot bankanna, en bankarnir þrír Glitnir, Kaupþing og Landsbanki, voru langstærstu fyrirtæki landsins áður en þeir fóru í þrot haustið 2008.

Af öðrum félögum er það að segja að rúmur helmingur þeirra var rekinn með tapi samkvæmt ársreikningi árið 2008, eða 12.894 félög af þeim 25.556 sem hér um ræðir. Þegar tekið hefur verið tillit til fjármagnsliðanna voru fleiri félög rekin með tapi rekstrarárið 2008 en árið áður, en þá voru 10.615 félög rekin með tapi. Tap félaganna var þá um 551 milljarðar, mun hærrí en árið þar áður, en þá töpuðu 10.649 félög 159 milljörðum.

Það er ekki aðeins að fleiri fyrirtæki hafi verið rekin með tapi heldur fjölgaði einnig mjög í hópi fyrirtækja sem rekin voru með miklu tapi árið 2008. Þannig tapaði 361 félag meiru en einum milljarði árið 2008, saman borið við 70 félög árið 2007. Þá er heldur ekki ofsagt að tap þessara félaga hafi verið gríðarlega mikið, 9.174 milljarðar árið 2008. Átta félög töpuðu meiru en 100 milljörðum árið 2008. Samanlagt tap þessara félaga var 6.368 milljarðar.

Hagnaður minnkar um 67,7%

Eins og við er að búast voru ekki aðeins fleiri félög rekin með tapi árið 2008 en 2007, heldur fækkaði einnig félögum sem rekin voru með hagnaði. Hagnaður varð af rekstri 9.159 félaga árið 2008 samanborið við 12.853 félög árið áður. Hér munar um 3.694 félög.

Hagnaður fyrirtækja dróst mjög mikið saman á milli rekstraráranna 2007 og 2008. Hann var tæpir 1.003 milljarðar skv. framtali 2008, en tæpir 324 milljarðar ári síðar, lækkaði því um 679 milljarða eða 67,7% á milli ára.

Þá vekur athygli að mikill hagnaður var af mun færri fyrirtækjum árið 2008 en árið 2007. Framtalsárið 2008 voru 636 félög með meira en hundrað milljónir í hagnað. Ári síðar voru 265 félög með svo mikinn hagnað skv. ársreikningi. Hér munar um 371 félag.

Loks vekur athygli að mikil breyting virðist hafa orðið á högum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Það fækkaði mikið í hópi fyrirtækja sem voru með tilþölulega lítinn hagnað, en þetta á við um flest fyrirtæki í landinu. Árið 2007 voru 16.915 fyrirtæki með hagnað eða tap skv. ársreikningi, á bilinu frá fimm milljónum kr. tapi upp í fimm milljóna króna hagnað. Hér er sleppt þeim félögum sem voru hvorki með tap né hagnað. Ári síðar voru 11.158 félög með hagnað á þessu bili og hafði þeim því fækkað um 2.928 á milli ára. Hins vegar hafði fjölgað mjög í hópi þeirra fyrirtækja sem töpuðu á bilinu frá fimm til fimmtíu milljónum árið 2008, eða um 1.560 félög. Þetta gefur vísbend-

Skattframtal rekstraraðila 2000 til 2009 - Rekstur

Upphæðir í milljörðum kr.


Framtalsár	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Skattskyld félög	15.900	17.326	18.866	21.699	23.621	26.043	27.637	30.098	32.868	34.195
Fjöldi rafrænna framtala	11.077	12.678	13.499	15.919	19.335	21.618	23.714	25.539	27.127	25.556
Rekstrartekjur										
Virðisaukaskattskyld velta	485	542	617	653	716	905	1.055	1.370	1.538	1.533
Velta undanþegin vsk	176	234	289	279	329	387	433	545	585	873
Starfsemi undanþegin vsk	87	112	143	137	202	292	370	622	839	963
Söluhagnaður	11	11	12	13	15	22	44	45	61	28
Aðrar tekjur	15	22	20	30	43	42	65	83	120	79
Leiðrétting rekstrartekna með tilliti til ársreiknings	-34	-40	-2	15	-2	-5	-29	-77	-72	-266
Rekstrartekjur samtals	739	881	1.078	1.128	1.302	1.643	1.939	2.588	3.071	3.211
Gjöld										
Hráefniskaup	123	133	163	161	183	206	242	461	585	997
Annar kostnaður	419	514	582	595	701	921	1.056	1.335	1.575	1.772
Afskrifaðar viðskiptakröfur	6	7	13	15	21	24	21	21	23	3.282
Samtala gjalda	548	655	758	771	906	1.151	1.319	1.817	2.183	6.050
Laun og launatengdur kostnaður	159	192	210	226	253	298	348	424	490	490
Sölutap	2	2	3	3	3	3	2	2	2	639
Fyrningar	34	40	54	56	58	68	67	79	90	160
Önnur rekstrargjöld og leiðréttingar	-40	-35	4	-16	-30	-54	-64	-120	-45	241
Rekstrargjöld samtals	703	854	1.029	1.041	1.189	1.466	1.672	2.202	2.719	7.580
Rekstrartekjur mínus rekstrargjöld	36	28	50	87	113	177	266	386	351	-4.369
Fjármagnsliðir										
Vaxtatekjur	21	25	42	47	50	61	79	152	237	359
Vaxtagjöld	-44	-55	-91	-62	-70	-84	-126	-276	-426	-846
Gengishagnaður	5	3	4	42	30	86	133	115	102	264
Gengistap	-2	-22	-39	-4	-17	-5	-9	-139	-82	-1.403
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага								239	123	-1.562
Söluhagnaður af hlutabréfum								203	178	32
Sölutap af hlutabréfum								-2	-17	-598
Tekjur og gjöld af fjármálagerningum								100	-21	-699
Niðurfærsla verðbréfaeignar								-3	-60	-502
Aðrar tekjur/gjöld	16	21	11	38	119	299	893	63	67	27
Hagnaður/tap skv. ársreikningi										
Hagnaður skv. ársreikningi	49	48	63	176	214	426	821	998	1.003	324
Tap skv. ársreikningi	-24	-60	-80	-49	-55	-49	-55	-159	-551	-9.619
Samtals	25	-13	-17	126	159	377	766	838	452	-9.295
Skattalegar leiðréttingar	-8	2	-17	-85	-144	-286	-652	-860	-628	4.089
Hagnaður fyrir yfirfæránlegt tap	39	26	27	73	50	141	187	218	248	187
Tap fyrir yfirfæránlegt tap	-21	-36	-60	-32	-35	-50	-73	-240	-425	-5.394
Samtals	18	-11	-33	41	15	91	114	-22	-176	-5.207
Hreinar tekjur	24	19	19	51	48	102	150	186	158	120
Yfirfæránlegt tap til næsta árs	-78	-115	-167	-154	-182	-194	-224	-417	-731	-5.858

Tölurnar sýna upphæðir sem framteljendur, endurskoðendur eða bókarar höfðu skráð á skattframtöl þeirra lögaðila sem höfðu skilað rafrænu skattframtali 2. febrúar sl. og miðast þær við stöðu framtalsgagna á þeim tíma.

Skattframtal rekstraraðila 2000 til 2009 - Efnahagur

Upphæðir í milljónum kr.

Framtalsár	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Eignir										
Óefnislegar eignir	39	52	67	103	108	174	296	411	490	543
Mannvirki og lóðir	181	221	287	320	358	425	533	893	1.024	1.687
Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir	148	174	243	207	205	252	330	631	904	898
Eignarhlutur í innlendum og erlendum félögum	179	296	357	469	787	1.706	3.050	5.100	7.205	5.362
Kröfur	492	653	1.018	1.120	1.672	2.425	4.107	6.667	8.962	8.950
Birgðir	69	80	90	98	98	114	131	174	203	245
Vörur og verk í vinnslu	10	11	13	12	22	30	39	57	60	40
Viðskiptakröfur	122	181	221	215	228	290	337	465	447	493
Aðrar skammtímakröfur	47	50	54	48	69	101	151	228	500	622
Inneign virðisaukaskatts	3	4	4	3	4	4	6	9	11	11
Verðbréf	203	189	239	267	326	299	460	710	1.348	1.160
Handbært fé	118	157	193	177	277	535	593	953	1.436	1.319
Aðrar eignir	31	39	39	439	508	539	561	704	465	1.522
Eignir samtals	1.641	2.106	2.825	3.478	4.661	6.893	10.592	17.003	23.055	22.852
Skuldir										
Viðskiptaskuldir	108	141	168	170	182	223	249	309	355	410
Næsta árs afborganir langtímalána	27	38	56	59	57	64	104	245	390	568
Ógreiddur virðisaukaskattur	6	7	8	9	10	12	15	16	17	17
Aðrar fyrirfram innheimtar tekjur	8	9	10	10	19	30	29	49	33	34
Aðrar skammtímaskuldir	274	325	372	395	468	622	903	1.351	1.605	2.657
Eftirlaunaskuldbindingar	3	3	3	3	3	4	4	9	13	11
Tekjuskattsskuldbindingar	16	19	12	18	32	73	144	150	157	14
Erlendar langtímaskuldbindingar	123	193	209	232	320	485	949	1.767	2.754	4.752
Skuldir vegna tengdra aðila	36	55	78	110	186	492	494	886	1.584	1.748
Aðrar langtímaskuldir	626	757	997	1.018	1.532	2.124	3.480	5.617	7.879	10.123
Erlendar skammtímaskuldir	38	73	104	71	131	182	351	663	1.089	2.340
Innborgun fyrir afhendingu	1	1	1	0	0	1	0	2	1	1
Skuldir samtals	1.265	1.620	2.018	2.095	2.940	4.311	6.723	11.064	15.877	22.675
Eigið fé										
Hlutfé/stofnfé	194	261	441	935	1.054	1.398	1.637	2.381	2.139	3.549
Lögbundinn varasjóður	36	48	127	180	259	528	771	789	2.094	2.780
Samtala eiginfjárliða	276	391	682	1.115	1.313	1.927	2.409	3.170	4.233	6.329
Annað eigið fé í upphafi árs	72	105	108	222	283	387	613	1.598	2.749	2.334
Hagnaður/tap	25	-13	-17	126	159	377	766	838	452	-9.295
Reiknað endurgjald	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Úttekt úr rekstri	0	0	0	-1	-35	-40	-22	-60	-116	-52
Framlög til rekstrar	0	0	0	1	81	38	0	54	0	1
Úthlutaður arður	-8	-11	-11	-16	-24	-52	-75	-121	-166	-148
Aðrar breytingar á eigin fé	10	15	45	-64	-57	-54	177	460	27	1.008
Annað eigið fé í lok árs	101	97	132	268	407	657	1.459	2.755	2.944	-6.152
Eigið fé samtals	376	486	807	1.383	1.721	2.583	3.869	5.939	7.178	177



ingu um að slegið hafi í bakseglin hjá mörgum litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Alger umskipti

Ef hagnaður samkvæmt ársreikningi einstakra fyrirtækja síðastliðin tvö ár er skoðaður sést betur hver þróunin hefur verið. Síðustu tvö ár hafa borist rafræn skattframtöl frá 29.274 félögum. Mörg fyrirtæki hafa ekki staðið í neinum rekstri annað eða bæði rekstrarárin en þurfa engu að síður að skila skattframtali til skattfyrvalda. Þannig voru 5.806 félög hvorki með hagnað né tap skv. ársreikningi árið 2008 og eins var háttáð með 7.221 félag ári síðar. Afkoma 10.252 félaga var betri rekstrarárið 2008 en 2007, en hafði versnað hjá 15.586 félögum. Hér eru einnig talin með félög sem lögðu upp laupana árið 2007 og því ekki með rekstur árið 2008. Afkoma 3.436 félaga var óbreytt, en iðulega var ekki um neina starfsemi að ræða í þessum félögum.

Við álagningu árið 2008 skiluðu 27.127 félög rafrænu skattframtali vegna rekstrarársins 2007. Af þeim voru 12.853 rekin með hagnaði og 10.615 rekin með tapi. Engin starfsemi var í 3.659 félögum sem skiluðu þó framtali eins og þeim ber að gera. Ári síðar voru aðeins 6.373 þeirra 12.853 félaga sem rekin voru með hagnaði enn rekin með hagnaði eða rétt tæpur helmingur. Hins vegar voru 4.949 félaga rekin með tapi árið 2008. Sérstaka athygli vekur að 77 þeirra 142 félaga sem voru með meira en milljarði í hagnað árið 2007 töpuðu meira en milljarði ári síðar og 43 félaganna töpuðu meiru en 10

milljörðum. Aðeins eitt þeirra 14 félaga sem voru með meira en 10 milljarða í hagnað reikningsárið 2007 var enn með svo mikinn hagnað ári síðar. Þarna hafa orðið alger umskipti.

Flest þeirra félaga sem rekin voru með tapi árið 2007 voru enn rekin með tapi skv. ársreikningi ári síðar. Sem fyrr segir voru 10.615 félög rekin með tapi árið 2007. Ári síðar voru 6.302 félaganna aftur rekin með tapi. Hins vegar voru 2.044 félaganna rekin með hagnaði. Hér er rétt að taka fram að mikill hagnaður fjármála-fyrirtækja á undanförunum árum var oft til kominn vegna verðbreytinga á eignum. Hagnaðurinn var oft ekki innleystur og því ekki í hendi, þó svo að hann væri færður til tekna í bókhaldi sumra félaga. Nýtt og herra verð á hlutabréfum var svo eignfært í efnahagsreikningi. Þegar hlutabréfin lækka svo aftur í verði myndast tap hjá félaginu þó svo að engin viðskipti hafi verið með hlutabréf í eigu þess. Þannig má sjá hvernig afkoma eignarhaldsfélaga sem lögðu mikið undir sveiflast frá því að skila gríðarlegum hagnaði í gríðarlegt tap. Hér má til dæmis nefna að ein 636 félög voru með meira en 100 milljónir í hagnað árið 2007 en 308 þessara félaga töpuðu meiru en 100 milljónum ári síðar. Mörg félaganna eru einmitt stórskuldug eignarhaldsfélög sem eru mjög viðkvæm fyrir breytingu á gengi gjaldeyris og verðbréfa.

Þá er rétt að hafa í huga að hrun fjármálakerfisins, hrun á verðbréfamörkuðum sem hafði áhrif á gengi margra eignarhaldsfélaga, gjaldþrot bankanna, mikið tap seðlabanka og það áfall sem ríkissjóður varð fyrir í kjölfarið, gerðist

á haustdögum 2008. Flest félög í landinu eru rekstrarfélög og afleiðingar þeirra efnahagslegu hremminga sem þjóðin gekk í gegnum á haustdögum 2008 hafa sennilega ekki verið komnar fram af fullum þunga fyrir árslok. Það er viðbúið að rekstur ársins 2009 hafi verið mörgum fyrirtækjum erfiður.

Tekjuskattstofn lækkaði um fjórðung

Eftir að tillit hefur verið tekið til ýmissa skattalegra leiðréttinga, frestaðs hagnaðar og nýtingar yfirfæranlegs taps, stendur skattstofninn eftir, hreinar tekjur, eða yfirfæranlegt tap til næsta árs. Tekjuskattstofn, eða hreinar tekjur félaga, var nú rúmir 119,5 milljarðar saman borið við 158,5 milljarða skv. framtölum 2008. Skattstofn félaga lækkaði því um 39 milljarða á milli framtalsáranna 2008 og 2009. Það lítur því út fyrir að tekjuskattstofn hafi rýrnað um tæpan fjórðung á milli ára.

Á undanförunum árum hafa til þess að gera fá fyrirtæki greitt stóran hluta tekjuskatts lögaðila. Við álagningu 2008 var tekjuskattstofn tíu stærstu fyrirtækjanna rúmir 51,3 milljarðar. Þessi sömu félög voru samanlagt með 1.520 milljarða í tap skv. framtölum ársins 2009. Þá var tekjuskattur lagður á aðeins tvö félaganna. Við álagningu 2009 var hreinn hagnaður tíu stærstu félaganna rúmir 40,6 milljarðar. Má geta þess að þó svo að nokkrir mánuðir séu liðnir frá eindaga hafa nokkur þessara félaga enn ekki greitt skattinn. Ríkissjóður á útstandandi rúma 2,5 milljarða hjá þessum félögum og því er óvíst hvort unnt verði að innheimta kröfurnar.

Tekjuskattur lækkaði einnig mikið frá álagningu 2008 til 2009. Horfur eru á að rúmir 18,4 milljarðar verði lagðir á lögaðila í tekjuskatt vegna rekstrar ársins 2008. Rúmir 29 milljarðar voru lagðir á félög árið 2008. Það lítur því út fyrir að tekjuskattur lögaðila muni dragast saman um 10,6 milljarða, eða um 36,6% á milli ára.

Sem fyrr segir dróst skattstofninn saman um tæpan fjórðung þannig að minni hagnaði fyrirtækja er ekki einum um að kenna mikla lækkun tekjuskatts. Hér skiptir einnig miklu að skatthlutfallið var lækkað við álagningu 2009. Tekjuskattur á almenn rekstrarfélög var 18% við álagningu 2008 en 15% við álagningu 2009, eða 16,6% lægri. Skattskyldar tekjur þessara félaga voru tæpur 114,1 milljarður. Skattur á sameignarfélög var lækkaður úr 26% í 23,5% eða um 9,6%. Skattskyldar tekjur sameignarfélaga voru tæpir 5,4

milljarðar. Menn geta því séð í hendi sér að ef 18% tekjuskattur hefði verið lagður á almenn rekstrarfélög hefði skatturinn, að öðru óbreyttu, gefið 3,4 milljörðum meira og 26% skattur á sameignarfélög hefði gefið rúmum 136 milljónum meira.

Færri félög greiða skatt

Það er ekki aðeins að skattskyldur hagnaður og tekjuskattur lögaðila hafi minnkad mikið heldur var tekjuskattur lagður á færri félög árið 2009 en árið á undan. Tekjuskattur var lagður á 6.891 félag árið 2009 saman borið við 8.702 félög árið 2008. Þarna munar um 1.811 félög.

Mörg félög sem greiddu tekjuskatt árið 2008 greiddu ekkert ári síðar. Sem fyrr segir var lagður tekjuskattur á 8.702 félög árið 2008. Við álagningu 2009 var lagður skattur á 5.014 þessara félaga, en 2.631 félaganna voru rekin með tapi og átta því yfirfæranlegt tap á bókum sínum í árslok 2008. Þá virðist sem 1.057 félaganna hafi ýmist ekki verið búin að skila skattframtali í byrjun febrúar eða hafi ekki verið starfandi árið 2008. Þannig var árið 2009 lagður tekjuskattur á 56,7% þeirra félaga sem lagt var á árið 2008, 42,4% félaganna voru hins vegar rekin með tapi eða höfðu lagt upp laupana.

Við álagningu 2008 voru 15.073 félög með yfirfæranlegt tap. Við álagningu árið 2009 höfðu 11.257 þessara félaga ekki náð að vinna upp tapið eða 74,7%. Hins vegar voru 1.110 félög sem áttu yfirfæranlegt tap á bókum sínum í árslok 2007 rekin með það miklum hagnaði að þau höfðu ekki aðeins náð að fullnýta tapið heldur voru þau með hreinar skattskyldar tekjur.

Þó svo að rúmur helmingur þeirra félaga sem lagður var á tekjuskattur við álagningu árið 2008 hafi enn verið með skattskyldan hagnað ári síðar þá lítur út fyrir að hagnaður þessara félaga hafi almennt dregist nokkuð saman. Skattstofn 6.034 félaga hafði lækkað frá álagningu árið 2008. Það hafði bætt í yfirfæranlegt tap 7.589 félaga, þannig að skattaleg afkoma 15.644 félaga hafði versnað á milli rekstraráranna 2007 og 2008. Skattaleg afkoma 8.912 félaga hafði hins vegar batnað, en þá eru ekki talin með 767 félög sem voru hvorki með skattstofn né yfirfæranlegt tap af rekstri ársins 2007, skv. framtali ársins 2008.



Yfirfæranlegt tap félaga með ólíkindum




Á síðustu árum hefur yfirfæranlegt tap fyrirtækja aukist mikið ár frá ári. Bróð-

urpartur tapsins hefur þó verið bundinn við fremur fá félög og þá helst eignarhaldsfélög sem reynt hafa að hasla sér völl í alþjóðlegri fjárfestingastarfsemi. Umfang starfsemi þessara fjárfestingafélaga hefur vaxið mjög hratt á undanförunum árum eins og sést af skattframtölum íslenskra félaga. Í stuttu máli sagt var tap íslenskra fyrirtækja með algerum eindæmum árið 2008. Þegar smæð íslensks hagkerfis er höfð í huga er spurning hvort hliðstæðu sé að finna annars staðar. Eins og fyrr segir töpuðu íslensk fyrirtæki 9.619 milljörðum, en eftir að tekið hefur verið tillit til skattalegra leiðréttinga og að viðbættu

uppsöfnuðu tapi fyrri ára flytjast 5.858 milljarðar yfir til næsta árs. Yfirfæranlegt tap var 731 milljarður skv. skattframtölum ársins 2008.

Þó svo að ekki verði litið fram hjá því að afkoma flestra fyrirtækja í landinu versnaði árið 2008 er tap fyrirtækja og sá hluti þess sem fluttur er fram til næstu ára fyrst og fremst tap nokkurra banka og eignarhaldsfélaga sem voru mjög plássfrek í íslensku efnahagslífi og fóru í þrot með látum síðla árs 2008. Stærstur hluti taps þessara félaga sem eru gjaldþrota verður afskrifaður og mun aldrei verða nýttur á móti hreinum skattskyldum tekjum.





Skuldir hækka gríðarlega mikið

Á undanförunum árum hefur efnahagsreikningur fyrirtækja í landinu blásið út. Auðvelt hefur verið fyrir rekstrarfélög að fá lán fyrir fjárfestingu en það sem helst skýrir vöxt eigna og skulda er auðvitað tilkoma, vöxtur og viðgangur umfangsmikillar alþjóðlegrar banka- og fjármálastarfsemi með höfuðstöðvar hér á landi. Sífelld fleiri eignarhaldsfélög hafa verið skráð hjá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra. Þessi félög framleiða hvorki vöru né veita þjónustu heldur eru þau oft stofnuð um eignarhald fárra aðila á verðbréfum. Eignarhaldsfélögum hefur fjölgað mjög mikið ár frá ári, úr 367 við álagningu árið 2000 í 2.872 við álagningu árið 2008 en þá voru 32.868 tekjuskattskyld félög á skrá sem þýðir að nær tíunda hvert tekjuskattskyld félag í landinu var eignarhaldsfélag.

Þessi félög mynda oft flókin vef eignarhalds sem teygir anga sína víða um lönd, eða píramída, og eru kaup í fyrirtækjum neðar í píramídanum þá iðulega fjármögnuð með lánsfé. Mismunur eigin fjár og kaupverðs er oft færður sem viðskiptavild í félaginu. Hvert félag um sig telur sér svo til tekna hagnað þeirra fyrirtækja sem neðar standa í píramídanum eða tekjur af verðhækkun skráðra hlutabréfa. Þessi félög eru öll skattskyld og eru tekjur og eignir því margtaldar. Það ræðst því að miklu leyti af gengi hlutabréfa og gjaldmiðla hvernig þessum fyrirtækjum vegnar. Þegar vel árar og verð á hlutabréfum hækkar skila þessi félög miklum hagnaði, en þegar syrtir í álinn og hlutabréfaverð lækkar hrannast tapið upp og félögin eiga erfitt með að standa við skuldbindingar sínar gagnvart lánardrottnum.

Eignir fyrirtækja rýrnuðu nú í fyrsta skipti á milli ára sem telst eitt og sér til tíðinda. Það lítur því út fyrir að sjái fyrir endann á hækkuð eigna, að minnsta kosti að sinni. Eignir fyrirtækja voru 23.055 milljarðar króna skv. ársreikningi ársins 2008 en höfðu lækkað um 203 milljarða ári síðar. Skuldir fyrirtækja, skv. skattframtölum ársins 2008, voru 15.877 milljarðar. Ári síðar voru skuldarnar 22.675 milljarðar, 6.798 milljörðum hærra en í árslok 2007. Þetta er 42,8% hækkuð á milli ára. Skuldarnar hafa hækkað vegna hárra vaxta, en ekki síst vegna falls krónunnar þegar um lán í erlendri mynt er að ræða.

Hækkun lána fyrirtækja án þess að eignir hafi komið á móti hefur svo leitt til þess að bókfært eigið fé fyrirtækja hefur étist upp. Þegar samanlagðar skuldir íslenskra fyrirtækja eru dregnar frá eignum standa nú eftir 177 milljarðar saman bor-

ið við 7.178 milljarða á framtölum ársins 2008. Samanlagt eigið fé íslenskra félaga rýrnaði þannig um rúma sjö þúsund milljarða á milli ára. Eignir eru iðulega færðar á matsverði og ekki gott að segja hversu mikils virði eignarhlutur í innlendum og erlendum félögum upp á 5,3 milljarða og kröfur upp á tæpa níu milljarða eru þegar allt kemur til alls. Eins og gefur að skilja hefur eigið fé rýrnað vegna gríðarlegs taps nokkurra fyrirtækja í fjármálageiranum árið 2008. Þó svo að gríðarlega mikið tap og gjaldþrot nokkurra stórra fyrirtækja í landinu hafa étið upp eigið fé ber að hafa í huga að hér er iðulega um sérstaka, óskylda aðila að ræða og því í reynd dálítið villandi að leggja skuldir eins félags við eignir annarra óskyldra félaga sem eiga ekkert sameiginlegt eða undir þessum félögum komið annað en það að vera skattskyld hér á landi. Þetta sést betur þegar hreinar eignir og eigið fé einstakra fyrirtækja eru skoðuð nánar.

Fleiri eiga ekki fyrir skuldum

Eins og við er að búast voru fleiri félög með neikvæða eiginfjárstöðu í árslok 2008 en árið áður. Við framtalsskil 2008 voru 8.350 félög með neikvæða eignastöðu saman borið við 9.770 ári síðar. Félögum með neikvæða eignastöðu fjölgaði þann-

ig um 1.420 á milli ára. Hins vegar voru 2.843 færri fyrirtæki sem færðu eigið fé til bókar á framtali 2009 en árið áður, fækkaði í 14.725 úr 17.568. Árið 2008 áttu rúm 64,8% fyrirtækja eigið fé á bókum sínum en nú lítur út fyrir að þetta hlutfall hafi lækkað niður í 57,6%. Hlutfall félaga sem skulda meira en þau eiga hefur hins vegar hækkað mikið, úr 30,8% í 38,2%.


Eigið fé fyrirtækja sem á annað borð áttu meira en þau skulduðu lækkaði um 589 milljarða á milli ára. Þessi 14.725 fyrirtæki áttu eignir sem metnar voru á 13.733 milljarða, en á móti eignum stóðu skuldir upp á 6.920 milljarða. Eigið fé var 6.812 milljarðar. Fyrirtækin 9.770 sem skulduðu meira en þau áttu á framtali 2009 áttu eignir sem metnar voru á 9.117 milljarða, en á móti eignum stóðu skuldir upp á rúma 15.752 milljarða. Munur á eignum og skuldum var 6.635 milljarðar í mínus.


Vaxtagjöld hærrí en tekjur

Eignir og skuldir segja ekki alla söguna því til skamms tíma þarf afgangur af reglulegum rekstri aðeins að standa undir vaxtagjöldum og skammtímaskuldbindingum. Rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum, þar á meðal fyrningum, 10.279 félaga voru hærrí en vaxtagjöld að

frádregnum vaxtatekjum, hrein vaxtagjöld. Hér eru að sjálfsgöðu með talin þau félög sem rekin voru með halla þannig að rekstrartekjur voru lægri en rekstrargjöld. Hrein vaxtagjöld 11.585 félaga voru hins vegar hærrí en afgangur af almennum rekstri. Það má þannig ætla að um 45,3% félaga standi vart undir vaxtagjöldum, en þetta er nokkru hærrí hlutfall en undanfarin ár. Hrein vaxtagjöld um 40,9% félaga voru hærrí en hreinar tekjur af rekstri skv. framtölum ársins 2008.

Þó svo að hér sé engan veginn um tæmandi úttekt á stöðu íslenskra fyrirtækja að ræða sýnir lausleg athugun á helstu stærðum úr rekstrar- og eignakafla skattframtals rekstraraðila að íslensk fyrirtæki hafa flest hver orðið fyrir nokkrum búisifjum rekstrarárið 2008. Áhrifa hruns fjármálakerfisins gætir víða. Bankarnir féllu og mörg skuldug eignarhaldsfélög standa nú höllum fæti. Íslenskt atvinnulíf á undir högg að sækja. Þó verður ekki betur séð en að enn standi mörg íslensk fyrirtæki tiltölulega traustum fótum og ættu því að geta staðið af sér þær þrengingar sem íslenskt efnahagslíf er nú að ganga í gegnum. Það verður fróðlegt að fylgjast með þróuninni og sjá hvernig staðan verður að ári liðnu.





Útleiga á íbúðarhúsnæði undir atvinnurekstur

Dómur Hæstaréttar dags. 10. desember 2009 í málinu Bergþóra Reynisdóttir gegn íslenska ríkinu



Guðrún Jenny Jónsdóttir

Málsatvik eru þau að B var stofnandi, eini eigandi, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri einkahlutafélags sem sá um rekstur starfsstöðvar fyrir geðhjúkrun. Starfsstöð einkahlutafélagsins var jafnframt íbúðarhúsnæði í eigu B. Fyrir afnotin af húsnæðinu á árunum 2000, 2001, 2002 og 2003 greiddi einkahlutafélagið leigu til B og taldi B þær tekjur fram til skatts sem fjármagnstekjur.

Skattstjóri tók skattskil B til skoðunar og kvað upp tvo úrskurði, annars vegar vegna gjaldársins 2001 og hins vegar vegna gjaldáranna 2002, 2003 og 2004. Í úrskurðunum komst skattstjóri að þeirri niðurstöðu að B hefði borið að tekjufæra leigutekjurnar sem atvinnurekstrartekjur en ekki fjármagnstekjur utan rekstrar.

B vildi ekki una niðurstöðu skattstjóra og höfðaði mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á úrskurðunum. Kröfur sínar studdi B með því að hvergi í skattalögum væri að finna reglur um hvernig skattleggja bæri blönduð afnot af íbúðarhúsnæði. B vísaði til þess að hið leigða húsnæði væri ekki atvinnuhúsnæði í skilningi tekjuskattslaga heldur íbúðarhúsnæði. Þá vísaði B til þess svo að um atvinnurekstrartekjur gæti verið að ræða þá þyrfti B að hafa með höndum sjálfstæða starfsemi eða atvinnurekstur sem tengdist útleigu. Btvinnurekstur hafi

verið skilgreindur á þann hátt að um sé að ræða sjálfstæða starfsemi sem stunduð sé reglulega, í ekki mjög skamman tíma í þeim tilgangi að skila hagnaði. B hélt því fram að útleiga hennar uppfyllti ekki framangreind skilyrði enda hefði leigufjárhæð verið mjög hófleg. Þá hafi B aldrei skráð starfsemina, reiknað sér endurgjald vegna hennar eða fært rekstrarkostnað til frádráttar. B vísaði jafnframt til þess að skattyfirvöld væru að mismuna skattaðilum með því að gera greinarmun á því hvort útleiga sé til íbúðarnota eða rekstrarnota. Engin rök leiði til þeirrar mismununar. Ennfremur vísaði B til þess að hvergi í norrænni skattframkvæmd væru leigutekjur sem þessar skattlagðar sem atvinnurekstrartekjur og að eðlilegt sé að hafa hliðsjón af norrænum rétti þegar íslensk lög taki ekki á álitaefninu. Í síðasta lagi byggði B kröfur sínar á eðli starfseminnar. B hafi verið skylt að reka hjúkrunarstofu samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins og að taxtinn samkvæmt samningi standi ekki undir því að leigt sé skrifstofuhúsnæði í atvinnuhúsnæði með tilheyrandi kostnaði.

Stefndi, íslenska ríkið, krafðist sýknu. Því var mótmælt að um væri að ræða blönduð not íbúðarhúsnæðis. Félag B leigði húsnæðið ekki til blandaðra nota heldur til atvinnureksturs. Ekki eigi að skipta máli að húsnæði sé einnig notað af B til íbúðar. Útleiga á húsnæði til atvinnurekstrar um óákveðinn tíma sé í eðli sínu atvinnurekstur og gildir þá einu hvort um sé að ræða íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði. Stefndi vísaði og til þess að tilvísun B til 3. málsl. 2. mgr. B-liðar 30. gr. tekjuskattslaga þar sem fjallað er um hvenær útleiga á íbúðarhúsnæði teljist atvinnurekstur eigi ekki við í mál-

inu þar sem húsnæðið var leigt undir atvinnurekstur en ekki til íbúðar. Það sé notkun húsnæðisins sem skipti máli en ekki hvernig það sé skráð. Þá byggði stefndi á því að umfang starfseminnar væri verulegt enda um margra ára útleigu að ræða og án hlés. Tekjurnar hafi verið verulegar og skipt milljónum. Ekki verði því annað ráðið en að um reglulega starfsemi hafi verið að ræða sem rekin hafi verið í hagnaðarskyni. Stefndi vísaði því á bug að óeðlilegt væri að ólíkar reglur gildi um skattlagningu tekna af atvinnurekstri og fjármagnstekna utan rekstrar.

Í dómi héraðsdóms kemur fram að ótvírætt sé að umrætt húsnæði hafi verið leigt undir atvinnustarfsemi og að B hafi að öðru leyti nýtt það til eigin nota. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að þar sem útleigan hafi verið reglubundin og í hagnaðarskyni þá væri um atvinnurekstur hjá B að ræða. Tekjur af þeim atvinnurekstri bæri því að skattleggja sem slíkar.

B undi ekki niðurstöðu héraðsdóms og áfrýjaði málinu til Hæstaréttar. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að í skilningi meginreglu B-liðar 7. gr. tekjuskattslaga teljist starfsemi atvinnurekstur sé hún sjálfstæð, reglubundin um einhvern tíma og nokkur að umfangi og að auki stunduð í þeim efnahagslega tilgangi að hafa af henni hagnað. Bð mati Hæstaréttar háttaði svo til í tilvikum B. Ekki var um að ræða útleigu á íbúðarhúsnæði enda tók félagið húsnæðið á leigu gagnert undir atvinnustarfsemi sína. Hæstiréttur staðfesti þar með niðurstöðu héraðsdóms.

Breyting á rekstrarári

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur 12. janúar 2010 í málinu Ölgerðin Egill Skallagrímsson gegn íslenska ríkinu.

Málavextir eru þeir að Ö fór fram á að breyta reikningsári sínu með þeim hætti að í stað almanaksársins hæfist reikningsár stefnanda 1. mars ár hvert og lyki í lok febrúar. Til stuðnings kröfu sinni vísaði Ö til þess að miklar sveiflur væru í rekstrinum þar sem jólamánuðurinn væri stærsta einstaka sölutímabilið og skil á þeim vörum ættu sér stað eftir áramót. Skilin lentu þannig á öðru fjárhagsári en salan. Uppgjör félagsins væri þannig ómarkvisst og erfitt. Breyting á rekstrarárinu gerði það að verkum að reksturinn yrði markvissari.

Skattstjóri synjaði Ö á þeim grundvelli að ekki væru fyrir hendi í tilviki hans þau atriði sem tilgreint væri að þyrftu að vera til staðar ef heimila ætti breytingu á rekstrarári. Skattstjóri vísaði til ákvarðandi bréfs ríkisskattstjóra frá árinu 2004 sem hefur að geyma verklagsreglur um heimild til þess að miða tekjuskatt félags við annað reikningsár en almanaksárið, framtalsskil slíkra félaga og álagningu opinberra gjalda á þau, svo og samsköttun. Í synjun skattstjóra kom fram að ekki hefði verið sýnt fram á að rekstur Ö væri í nokkru frábrugðinn rekstri annarra fyrirtækja í svipaðri starfsemi og sem lyti sambærilegum lögmálum eins og árstíðarbundinni sveiflu í sölu. Þá væri ekki um það að ræða að óskað væri eftir breytingu á rekstrarári vegna samsköttunar með móðurfélagi sem hefði annað reikningsár eða að félagið væri í svo nánnum fjárhags- eða eignartengslum við annan aðila með annað reikningsár en almanaksárið.

Ö kærði synjun skattstjóra til ríkisskattstjóra og voru sömu rök færð fyrir umsókninni. Til viðbótar var fundið að því að skattstjóri hefði ekki vísað til lagaheimilda en í stað þess byggt synjunina á ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra.

Ríkisskattstjóri staðfesti úrskurð skattstjóra.

Ö höfðaði mál og krafðist þess að úrskurður ríkisskattstjóra yrði ógiltur og að réttur Ö til að haga reikningsári sínu frá 1. mars til febrúarloka ár hvert yrði viðurkenndur. Til stuðnings kröfum sínum vísaði Ö til þess að skattstjóri gæti veitt heimild til að hafa annað reikningsár en almanaksárið þegar annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila eða hann sýni þegar hann telji fram að hann hafi annað reikningsár. Framangreind skil-

yrði væru uppfyllt í tilviki Ö og því væri skattstjóra skylt að heimila honum að taka upp annað rekstrarár en almanaksárið.

Fram kom hjá Ö að honum væri nauðsynlegt að miða reikningsár sitt við annað en almanaksárið. Nauðsynlegt væri að réttar sölu- og birgðatölur lægju fyrir á hverju fjárhagsári fyrir sig svo að unnt væri að gera áætlanir um framleiðslu, sölu og birgðahald. Öll áætlanagerð væri ómarkviss með því að miða reikningsárið við almanaksárið.

Ö benti á að skattstjóri hefði heimilað samkeppnisaðilum hans að nota annað ár en almanaksárið. Synjun skekki þannig samkeppnisstöðu Ö og brjótí gegn jafn-

”

Í dómi héraðsdóms kemur fram að ákvæði 59. gr. tekjuskattslaga um að tekjuskatt skuli miða við tekjur næsta almanaksárs á undan skattákvörðun sé meginregla.

ræði sem hann eigi að njóta í viðskiptum sínum við skattyfirvöld.

Þá vísaði Ö til þess að ekki sé unnt að synja beiðni hans með tilvísun til verklagsreglna ríkisskattstjóra. Verklagsreglur og bréf ríkisskattstjóra geta ekki breytt lögum eða þrengt lagaheimildir og því verði þær að víkja fyrir skýrum lagaákvæðum. Ennfremur sé óheimilt að láta hagsmuni skattyfirvalda ganga framar lögmætum hagsmunum til að nýta lagaheimild til fráviks frá almennu reikningsári.

Ö byggði og á því að ákvæði 59. gr. tekjuskattslaga væri skýrt heimildar-ákvæði sem túlka bæri honum í hag í ljósi þess að hann hafi lagt fram málefnaleg rök fyrir ósk sinni um breytingu á rekstrarári. Verklagsreglur skattyfirvalda geti ekki takmarkað heimildir Ö að lögum.

Stefndi, íslenska ríkið, krafðist sýknu. Fram kom í röksemdum stefnda að veru-

leg hagkvæmnisrök liggja að baki því að miða reikningsárið við almanaksárið. Uppbygging álagningarkerfa skattyfirvalda geri það að verkum að það hafi verið erfiðleikum háð að leggja tekjuskatt á aðila með breytt reikningsár. Þá verði allur samanburður milli skattaðila og hagskýrslugerð áreiðanlegri þegar allir hafa sama reikningsárið. Ennfremur stuðli það að jafnræði milli skattaðila að sem flestir hafi sama reikningsárið nema sérstaklega standi á.

Stefndi vísaði til þess að ákvæðið sem heimili annað reikningsár en almanaksárið sé undantekingarregla sem skýra beri þröngt. Skattaðilum sé ekki í sjálfvald sett að velja sér annað reikningsár en almanaksárið. Skattstjórum beri að leggja mat á það hvort rétt sé að heimila þetta í hverju tilviki fyrir sig. Þá kom fram að ríkisskattstjóri hefði sett verklagsreglur á þessu sviði m.a. til að samræmis yrði gætt. Verklagsreglurnar gangi ekki lengra en ákvæði laga á þessu sviði og því sé ekki brotið gegn þeirri meginreglu að skattamálum skuli skipað með lögum.

Stefndi benti á að Ö hefði ekki sýnt fram á að óskað hafi verið samsköttunar fyrir félagið með móðurfélagi með afbrigðilegt reikningsár eða að önnur skilyrði samsköttunar væru fyrir hendi. Ennfremur hafi ekki verið færð fyrir því rök að Ö sé í nánnum fjárhags- eða eignatengslum við annan aðila með afbrigðilegt reikningsár. Að þessu virtu hefði það legið fyrir skattyfirvöldum að meta hvort almennt sé notað annað reikningsár en almanaksárið í þeim atvinnurekstri sem Ö starfi við. Ekki væri annað hægt að ráða af fyrirliggjandi gögnum en að Ö væri í hefðbundnum verksmiðju-, heildsölu- og smásöluviðskiptum og að ekki yrði séð að neinin sérstakir hagsmunir væru hjá félaginu sem leiða ættu til þess að miða ætti við annað reikningsár en almanaksárið, enda sé reksturinn ekki í neinu frábrugðinn rekstri annarra fyrirtækja í svipaðri starfsemi sem lúti sömu lögmálum. Mikil vöruskil að lokinni jólasölu eru alþekkt og ekki unnt að fallast á að það breyti neinu.

Vegna tilvísana Ö til brota á jafnræðisreglu tók stefndi fram að jafnræðisreglan geti ekki fært Ö rétt sem ekki samrýmist lögum. Ríkisskattstjóri hafi

aflað upplýsinga um samkeppnisaðila Ö og aðra sem fengið hefðu leyfi til að nota afbrigðilegt reikningsár. Sú athugun hafi leitt í ljós að atvik í þeim málum voru ekki með sambærilegum hætti og í máli Ö. Ekki væri þó unnt að upplýsa frekar um forsendur þeirra leyfa enda væru skattyfirvöld bundin ríkri þagnarskyldu.

Í dómi héraðsdóms kemur fram að ákvæði 59. gr. tekjuskattslaga um að tekjuskatt skuli miða við tekjur næsta almanaksárs á undan skattákvörðun sé meginregla. Frá meginreglunni sé hægt að gera undantekningu ef sýnt er fram á að annað sé

venjulegt rekstrarár í atvinnugreininni eða skattaðili sýni fram á að hann hafi annað reikningsár. Undantekningar í skattalögum beri að skýra þröngt og það sé háð mati skattstjóra hverju sinni hvort undantekning frá meginreglunni verði gerð.

Um verklagsreglur ríkisskattstjóra segir í dómi héraðsdóms að þær stangist ekki á við framangreint ákvæði 59. gr. tekjuskattslaga. Rök fyrir reglunum og megintilgangur þeirra er að stuðla að samræmi og sá tilgangur verður ekki talinn ómálaefnalegur eða ólögmetur. Þá segir svo í dóminum: „Óumdeilt er að

stefnandi er í hefðbundnum verksmiðju-, heilðsölu- og smásöluviðskiptum og hefur ekkert komið fram í málinu er sýnir fram á að rekstur stefnanda sé í nokkru frábrugðinn rekstri annarra fyrirtækja með svipaða starfsemi eða að stefnandi hafi af því hagsmuni umfram aðra þá aðila sem eru með sambærilega starfsemi að hafa breytt reikningsár.“ Dómurinn taldi að ekki væri ráðið að skilyrði 59. gr. til að hafa afbrigðilegt reikningsár væri uppfyllt og að Ö hefði ekki sannað brot á jafnræðisreglu. Íslenska ríkið var þar með sýknað af kröfum Ö.

Takmörkuð skattskylda

Dómur Hæstaréttar Íslands 14. janúar 2010 í málinu íslenska ríkið gegn Stjórnublikki ehf.

Í Tíund sem út kom í mars 2009 var dómur héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-936/2007 reifaður. Niðurstaða dómsins var sú að svokallaður Impregilo dómur hefði fordæmisgildi í málinu og að S ehf. var ekki talinn launagreiðandi þeirra starfsmanna sem ráðnir höfðu verið í gegnum portúgalska starfsmannaleigu. Ennfremur komst héraðsdómur að þeirri niðurstöðu að portúgalska starfsmannaleigan bæri skattskyldu samkvæmt 3. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga en ekki samkvæmt 6. tölul. Í gögnum málsins kæmi aftur á móti ekki

nægjanlega vel fram að hve miklu leyti þjónustan hefði verið innt af hendi hér á landi. Úrskurður skattstjóra um skyldu S til að standa skil á staðgreiðslu opinberra gjalda af áætluðum þóknanahluta var því felldur úr gildi.

Íslenska ríkið áfrýjaði málinu til Hæstaréttar sem felldi dóm sinn þann 14. janúar síðastliðinn. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms hvað varðar staðgreiðsluskyldu af launum portúgölsku starfsmannanna með vísan til dóms

Hæstaréttar þann 20. september 2007 í Impregilo málinu. Þá felldi Hæstiréttur einnig úr gildi úrskurð skattstjóra um staðgreiðslu af þóknanahluta starfsmannaleigunnar, annars vegar vegna þess að íslenska ríkið hefði gefið eftir skattlagningararrétt á tekjunum frá og með árinu 2003 þegar tvísköttunarsamningur við Portúgal tók gildi og hins vegar vegna þess að skattstjóra hefði láðst að áætla kostnað starfsmannaleigunnar þegar hann áætlaði þóknun til hennar.

Flutningur á einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélag

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur 15. janúar 2010 í málinu Elísabet Þórarinsdóttir og Paros ehf. gegn íslenska ríkinu.

Í málinu var deilt um túlkun á 57. gr. C í lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, nú 56. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Ákvæðið kveður á um að stofni einstaklingur í rekstri einkahlutafélag sem taki við öllum eignum og skuldum atvinnurekstrarins og hafi með höndum samskonar rekstur eða starfsemi skuli sú yfirfærsla ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir eigandann eða félagið. Ákvæðið hefur að geyma fjögur skilyrði sem verður að uppfylla.

Þessi skilyrði eru:

1. að eigandi rekstrarins skal bera fulla og ótakmarkaða skattskyldu skv. 1. gr. tekjuskattslaga

2. að félagið sem við rekstrinum tekur skal skráð hér á landi og skattskyld skv. 2. gr. tekjuskattslaga

3. að við yfirfærsluna fái eigandi rekstrarins eingöngu hluti í félaginu sem gagngjald fyrir yfirfærðar eignir og skuldir rekstrarins

4. að tilkynningu til hlutafélagaskrár um stofnun félags skuli fylgja efnahagsreikningur einstaklingsrekstrar, staðfesting endurskoðanda að hagar fyrirtækisins hafi ekki rýrnað vegna úttektar eiganda frá þeim tíma sem yfirfærslan miðast við og fram að stofnun félagsins.

Málavextir eru þeir að E hafði með höndum einstaklingsrekstur og í þeim rekstri myndaðist söluhagnaður vegna sölu á atvinnuhúsnæði sem E hafði haft í útleigu. E fór fram á að skattlagningu söluhagnaðarins yrði frestað fram yfir tvenn áramót og var fallist á það af hálfu skattstjóra. Tveimur árum eftir að söluhagnaðurinn hafði myndast stofnaði E einkahlutafélagið og tekjufærði félagið frestaðan söluhagnað í framtali sínu.

Skattstjóri féllst ekki á þau rök E að einkarekstur hennar hefði verið færður yfir í einkahlutafélagið og tekjufærði söluhagnaðinn hjá E og lækkaði rekstrartekjur félagsins að sama skapi.



Úrskurðir skattstjóra voru kærðir til yfirskattanevndar sem staðfesti þá þann 27. ágúst 2007. Þeirri niðurstöðu vildu E og P ekki una og stefndu íslenska ríkinu og kröfðust þess að úrskurðir yfirskattanevndar yrðu felldir úr gildi og að skattframtöl þeirra yrðu lögð til grundvallar álagningu opinberra gjalda.

Kröfur E og P voru byggðar á því að yfirfærsla á einstaklingsrekstri E til P hafi að öllu leyti verið í samræmi við ákvæði tekjuskattslaga og uppfyllt öll lagaskilyrði. Tilgangur P hafi verið sá sami og einstaklingsrekstur E og í stofnefnahagsreikningi komi fram að yfirfærð hefði verið til félagsins tekjuskattsskuldbinding vegna sölu fasteignar á árinu 2000. Endurfjárfesting hefði aftur á móti ekki náðst innan tilskilinna fresta og því hefði tekjuskattsskuldbinding verið gerð upp hjá félaginu. E mótmælti þeirri skoðun skattstjóra að einstaklingsrekstri hennar hefði verið lokið þegar atvinnuhúsnæðið var selt. Reksturinn hefði haldið áfram þrátt fyrir að ný

fasteign hefði á þeim tíma ekki verið keypt. Eign sem myndaðist við sölu á fasteigninni hefði verið rekstrareign og sú eign hefði svo verið færð yfir til einkahlutafélagsins. Reksturinn sem E hafði með höndum eftir sölu fasteignarinnar var umsýsla vegna hlutabréfaeignar. Þá hafi P haft það að markmiði að kaupa fasteignir til útleigu að nýju þegar slíkt þætti hentugt og það hafi gerst á árinu 2007.

Íslenska ríkið byggði sýknukröfu sína á því að E hafi látið af fasteignarekstri á árinu 2000 og hún hafi ekki haft slíkan rekstur með höndum í árslok 2001 en það er tímamarkið sem meint formbreyting rekstrar miðaðist við. Það sé grundvallarforsenda svo að nógildandi 56. gr. tekjuskattslaga eigi við sé að um yfirfærslu á raunverulegum og sams konar atvinnurekstri sé að ræða. Við mat á því sé einkum horft til þess hvort um sé að ræða starfsemi sem sé reglubundin og í nokkru umfangi í þeim tilgangi að skila hagnaði. Þá sé ekki nóg að líta til skráðs

tilgangs þegar meta á hvort um sams konar rekstur sé að ræða heldur verði að líta á raunverulega starfsemi.

Í niðurstöðu héraðsdóms kemur fram að óumdeilt sé að fasteignin sem seld var hafi verið á þeim tíma eina eignin í atvinnurekstri hennar og húsaleiga af henni einu tekjurnar í atvinnurekstrinum. Þá taldi dómurinn að E hefði ekki sýnt fram á að í umsýslu hlutabréfa síðar hafi falist atvinnurekstur né að um sambærilegan rekstur hafi verið að ræða og sem E hafði með höndum er hún leigði út atvinnuhúsnæðið. Ennfremur kemur fram í dómnum að ekki yrði ráðið af stofnefnahagsreikningi P eða öðrum gögnum málsins að P hafi haft atvinnurekstur með höndum sem það hafi yfirtekið af E. Dómurinn mat það því svo að E og P hefðu ekki sýnt fram á að um atvinnurekstur E hafi verið að ræða sem hafi verið færður yfir til P.

Skylda til að afhenda ársreikning

Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur 29. janúar 2010 í málinu E-6970/2009

BM Vallá hf. gegn ársreikningaskrá

Í málinu var deilt um skyldu B hf. til að afhenda ársreikningaskrá ríkisskattstjóra ársreikninga sína eins og lög um ársreikninga kveða á um. Ársreikningaskrá hafði ítrekað krafist félagsins um að afhenda skránni ársreikninga sína og var vísað til þess að yrði ekki orðið við kröfu um afhendingu gæti félagið átt það á hættu sektir yrðu lagðar á það vegna vanskilanna.

B hf. vildi ekki fallast á að honum væri skylt samkvæmt lögum um ársreikninga að afhenda ársreikningaskrá ársreikninga sína. Félagið höfðaði viðurkenningarmál á hendur ársreikningaskrá og krafðist viðurkenningar á því að félaginu væri ekki skylt að afhenda ársreikningaskrá árs-

reikninga sína frá og með 1. janúar 2006. Varakrafa B hf. laut að því að viðurkennt yrði að félaginu bæri aðeins skylda til að afhenda ársreikningaskrá samandregna ársreikninga frá og með 1. janúar 2006 gegn því skilyrði að ársreikningaskrá birti reikningana ekki opinberlega án þess að B hf. myndi veita samþykki fyrir slíkri birtingu. B hf. vísaði til þess að hann væri undanþeginn því að skila inn ársreikningi á grundvelli samkeppnisástæðna og ríkra fjárhags- og viðskiptahagsmuna. Þá kæmu ákvæði upplýsingalaga í veg fyrir þessa skyldu hans til að afhenda ársreikninga sína. Ársreikningaskrá krafðist frávisunar.

Í úrskurði héraðsdóms er vísað til þess að B hf. hafi ekki lagt fram nein þau gögn sem styðja þá fullyrðingu hans að ársreikningarnir hafi að geyma upplýsingar sem eðlilegt sé að aðrir hafi ekki aðgang að vegna samkeppnisjónarmiða eða ríkra fjárhags- og viðskiptahagsmuna. Dómurinn hefði þar með engar forsendur til að leggja dóm á kröfur félagsins. Þá ylli þessi skortur á upplýsingum því að ársreikningaskrá gæti ekki haldið uppi vörnum í málinu. Að þessu virtu féllst héraðsdómur á kröfu ársreikningaskrár um frávisun frá dómi.

Endurgreiðslukröfu synjað

Dómur Hæstaréttar dags. 25. febrúar 2010 í máli Impregilo S.p.A. gegn íslenska ríkinu

Í Tíund sem kom út í marsmánuði 2009 var reifaður dómur sem kveðinn var upp í héraðsdómi Reykjavíkur þann 23. desember 2008 í málinu nr. E-666/2008. Málavextir voru þeir að Impregilo S.p.A. sem sá um umfangsmiklar verktakaframkvæmdir á Kárahnjúkum krafðist endurgreiðslu á kr. 1.230.708.381 ásamt dráttarvöxtum en það var sú fjárhæð sem I kvaðst hafa greitt vegna kröfu skattfyrivalda um staðgreiðslu opinberra gjalda vegna þeirra starfsmanna sem hingað komu til starfa frá portúgölskum starfsmannaleigum. Fjölskipaður héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að I hafi verið skyldaður til að greiða umrædda staðgreiðslu án lagaheimildar og bæri því að fallast á kröfur hans um endurgreiðslu.

Íslenska ríkið sætti sig ekki við þessi málalok og áfrýjaði málinu til Hæstaréttar sem kvað upp dóm sinn þann 25. febrúar 2010. Íslenska ríkið byggði meðal annars á því að engin grein hefði verið gerð í stefnu fyrir þeirri skyldu Impregilo S.p.A. að skila

staðgreiðslu vegna mismunar á íslenskum lágmarkslaunum og portúgölskum launum. Engin sundurliðun lægi fyrir um það hvaða laun og staðgreiðsla tilheyrðu starfsmannaleigunum. Impregilo S.p.A. hélt því fram að engin munur hefði verið á íslensku og portúgölsku laununum. Hæstiréttur taldi að rök hefðu verið leidd að því að töluverður munur hefði verið á launakjörum starfsmanna á virkjunarsvæðinu eftir því hvort miðað væri við íslensk lágmarkslaun eða portúgölsk og að ekkert væri komið fram sem benti til annars en að sá munur sem af því leiddi væri innifalinn í kröfugerð Impregilo S.p.A. Um fjárhæðir lægi hins vegar ekkert fyrir um.

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að það fé sem Impregilo S.p.A. hafði verið gert að skila vegna staðgreiðslu af launum portúgölsku starfsmannanna hefði ekki verið oftekið þar sem íslenska ríkið hefði átt réttmæta kröfu til fjárlins. Þá væri réttur til endurgreiðslu sam-

kvæmt lögum um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda á hendi gjaldanda sjálfs, en Impregilo S.p.A. hefði haft milligöngu um að uppfylla skattskyldu sem hvíldi á öðrum, en hefði ekki verið í hlutverki gjaldanda. Hæstiréttur hafnaði því einnig að Impregilo S.p.A. gæti stutt kröfu sína með almennum reglum fjármunaréttarins um endurgreiðslu ofgreidds fjár, enda ættu sömu sjónarmið við um oftekið fé og um endurgreiðslu samkvæmt lögum. Vegna röksemda Impregilo S.p.A. þess efnis að reglur skaðabótaréttarins ættu við vísaði Hæstiréttur til þess að þó svo að íslenska ríkið hefði brotið á Impregilo S.p.A. með ólögðum hætti þá hefði Impregilo S.p.A. vanrækt skyldu sína til að takmarka tjón sitt og þar með hefði félagið fyrirtæki sínum til bóta úr hendi íslenska ríkisins. Íslenska ríkið var þannig sýknað af kröfum Impregilo S.p.A. að því er varðar þann hluta þeirra sem stafaði af staðgreiðsluskilum af launum starfsmannanna. Kröfum Impregilo S.p.A. vegna endurgreiðslu á tryggingsgjaldi var vísað frá sökum vanrefifunar.

Samruni – yfirfæranlegt rekstrartap

Dómur Hæstaréttar dags. 25. febrúar 2010 í málinu íslenska ríkið gegn Glitni banka hf.

Í Tíund sem kom út í júní 2009 var að finna umfjöllun um dóm sem kveðinn var upp í héraðsdómi Reykjavíkur þann 22. desember 2008 og er vísað til þeirrar umfjöllunar hvað varðar frekari útlitun á málsástæðum Glitni banka og íslenska ríkisins. Í málinu var tekist á um túlkun á 1. mgr. 51. gr. tekjuskattslaga sem fjallar um samruna hlutafélaga og hvaða skilyrði þarf að uppfylla svo að samruninn hafi ekki í för með sér skattskyldar tekjur fyrir hluthafana.

Málavextir eru þeir að í júní 2003 keypti S 57,08% hlutafjár í FF. S greiddi 71% hluta með hlutabréfum í sjálfu sér og 29% hluta með peningum. Eftir að Fjármálaeftirlitið og Samkeppniseftirlitið samþykktu kaupin gerði S öllum hluthöfum í FF yfirtökutilboð. Kaupverð var greitt með sama hætti og áður, 71% í hlutabréfum í S og afgangur í peningum. Þegar þessi kaup fóru fram átti Glitni banki hf. 22,43% eignarhlut í S og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. 6,28%. Í gegnum eignarhald Glitni banka í Sjóvá-Almennum átti hann beint

og óbeint tæplega 30% hlut í S. Þann 3. desember 2003 sömdu svo Glitni banki og S um kaup Glitni banka á öllu hlutafé í FF. Kaupverðið var greitt með peningum sama dag og kaupin voru samþykkt. Þessu til viðbótar keypti S tilgreindar eignir af FF á bókfærðu verði. Ákveðið var að sameina Glitni banka og FF. Var samrunaáætlun undirrituð í janúar 2004 og samkvæmt henni yfirtók Glitni banki rekstur FF. Á skattframtali gjaldársins 2005 vegna rekstrarársins 2004 voru eignir og skuldir FF fluttar yfir til Glitni banka á skattalega bókfærðu verði. Þá var yfirfæranlegt tap FF að fjárhæð kr. 1.474.838.867, fært til frádráttar skattskyldum tekjum Glitni banka.

Ríkisskattstjóri endurákvæði opinber gjöld FF og Glitni banka gjaldárið 2005 með úrskurði dags. 28. desember 2006 þar sem á því var byggt að framangreindur samruni hefði ekki verið í samræmi við 1. mgr. 51. gr. tekjuskattslaga. Í úrskurðinum kemur fram að Glitni banki væri ábyrgur fyrir gjaldabreytingum FF enda hefði hann við samruna félaganna tekið við skyldum

og réttindum FF. Með úrskurðinum voru gerðar breytingar á tekjuskattsstofni FF og Glitni banka þannig að tekjuskattsstofn FF hækkaði vegna rangra skattskila við slit á félaginu og samruna þess við Glitni banka. Tekjuskattsstofn Glitni banka var hækkaður vegna óheimillar nýtingar á tapi sem flutt var frá FF til hans við samruna.

Fjölskipaður héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að skilyrði 51. gr. tekjuskattslaga hefðu verið uppfyllt og ógilti úrskurð ríkisskattstjóra.

Íslenska ríkið áfrýjaði dóminum til Hæstaréttar sem kvað upp dóm sinn þann 25. febrúar síðastliðinn. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að beita yrði áður nefndu ákvæði 51. gr. tekjuskattslaga þannig að taka bæri mið af aðstæðum þegar sameining hlutafélaga væri í reynd ákveðin en ekki þegar sameiningin kæmi til framkvæmda. Hæstiréttur féllst á það með ríkisskattstjóra að G banki hefði ákveðið að sameinast FF áður en bankinn keypti alla hluti í því félagi gegn greiðslu á reiðufé. Skilyrði 51. gr. tekjuskattslaga voru þannig ekki uppfyllt og var íslenska ríkið sýknað af kröfu G banka hf.

Kaup- og söluréttur hlutabréfa – fjármagnstekjur eða laun

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur dags. 22. mars 2010 í málinu Þórður Már Jóhannesson gegn íslenska ríkinu

Málavextir eru í stuttu máli þeir að P sem var forstjóri S banka gerði kaup- og söluréttarsamninga um hlutabréf í S banka. Á skattframtali 2005 vegna tekjuársins 2004 gerði P grein fyrir sölu hlutabréfa í S banka að nafnverði kr. 14.000.000 og nam söluverðið kr. 91.700.000. Þá var tilgreint að hlutabréfin hafi verið keypt á árinu 2003 og að kaupverð hafi numið kr. 44.100.000. Söluhagnaður nam skv. þessu kr. 47.600.000 og var sú fjárhæð færð P til tekna sem söluhagnaður hlutabréfa og sætti skattlagningu í 10% skattþrepi í álagningu opinberra gjalda gjaldárið 2005. Til grundvallar framangreindum hlutabréfavíðskiptum lágu kaupsamningar og söluréttarsamningar í nafni P og einkahlutafélags í hans eigu. P fjármagnaði hlutabréfakaupin með láni frá N banka og við starfslok P hjá S banka voru bréfin seld.

Í tíund sem kom út í nóvember 2009 voru reifaðir úrskurðir ríkisskattstjóra og yfirkattaneftndar í máli P og er vísað til þeirrar umfjöllunar. Þar kom fram að ríkisskattstjóri hefði endurákvæðað opinber gjöld P gjaldárið 2005 og skattlagt söluhagnaðinn af hlutabréfunum í S banka að viðbættu 25% álagi í almennu tekjuskattshlutfalli. Endurákvörðunin var byggð á því að þeir samningar sem gerðir hefðu verið um hlutabréfin, þ.e. kaupsamningur, lánsamningur og samningur um sölurétt, hefðu haft þann tilgang

að gefa P kost á að eignast hlutabréf í S banka á undirverði yrði þróun á verði hlutabréfanna honum hagstæð á því tímabili sem um var að ræða. Ef þróun á verði hlutabréfanna yrði hins vegar P óhagstæð gat hann gengið frá samningunum með sömu áhrifum og þeir hefðu aldrei verið gerðir. Enginn grundvallarmunur væri þannig á þeim samningum sem um ræðir í þessu máli og hefðbundnum kaupréttarsamningum sem hefðu þann tilgang að gefa starfsmanni kost á að kaupa hlutabréf á undirverði en ávinning af slíkum samningum skal skattleggja sem laun sbr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga. Samkomulag P og S banka væri útfærsla á kauprétti og ávinning af samkomulaginu ætti því að skattleggja í samræmi við þær reglur sem gilda um skattlagningu kaupréttar. Yfirkattaneftnd féllst á það með ríkisskattstjóra að samkomulag P og S banka hafi í skattalegu tilliti í raun falið í sér nýtingu á kauprétti og að P hafi því borið að telja fram til skattskyldra launatekna í skattframtali sínu 2005 mismun á kaupverði hlutabréfanna og söliverði þeirra.

P sætti sig ekki við þessa niðurstöðu og stefndi íslenska ríkinu og krafðist þess að framangreindum úrskurðum ríkisskattstjóra og yfirkattaneftndar yrði hrundið og að viðurkennt yrði með dómi að honum hafi verið rétt að telja fram söluhagnað af umræddum hlutabréf-

um sem fjármagnstekjur á skattframtali 2005. Íslenska ríkið krafðist sýknu.

Í dómi héraðsdóms er vísað til þess að þeir samningar sem P gerði við S banka hafi verið gerðir í ljósi þess sambands sem var á milli aðila þ.e. vinnuveitanda og launþega. Af þeim sökum sé um að ræða skattskyld hlunnindi í skilningi 1. tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga. Þá var vísað til þess að umræddur samningur milli P og S banka var gerður til skamms tíma og að um væri að ræða fyrirséðna framtíð sem eðlilegt var að ætla að P hefði yfirsýn yfir rekstrarhorfur og stöðu S banka. Dómurinn taldi og að ekki væri unnt að líta framhjá því að aðeins rúmu ári eftir að upphaflegir samningar voru gerðir gat P slitið samningi og selt hlutabréfin á riflega tvöföldu verði. Áhætta P af hlutabréfaeigninni samkvæmt söluréttarsamningnum var þannig fyrst og fremst táknað. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu með vísan til framangreinds og forsendna í úrskurðum ríkisskattstjóra og yfirkattaneftndar, að fjárhagsleg ábyrgð og áhætta P af víðskiptunum hafi verið hverfandi. Þá tók dómurinn undir það með ríkisskattstjóra og yfirkattaneftnd að líta verði svo á að söluréttarsamningurinn og tengdir samningar hafi í skattalegu tilliti falið í sér nýtingu P á kauprétti á umræddum hlutabréfum í S banka. Söluhagnað af bréfunum bar þannig að telja fram sem skattskyld laun en ekki sem fjármagnstekjur.

Skattalagasöfn

Nýlega hafa verið gefin út tvenn skattalagasöfn. Annars vegar er ritið Tekjuskattur sem er samfella laga, reglugerða og auglýsinga er varða beina skatta og álagningu opinberra gjalda og miðast við löggjöf sem var í gildi 1. febrúar 2008.

Hins vegar er um að ræða ritið Virðisaukaskattur sem er samfella laga um virðisaukaskatt, vörugjald, skilagjald, áfengisgjald og bifreiðaskatta og miðast við löggjöf sem var í gildi 30. apríl 2008.

Ritin eru seld í Pennanum-Eymundsson, Bóksölu stúdenta og hjá ríkisskattstjóra.



Úrskurðir



Ragnheiður
Björnsdóttir



Lúðvík
Lúðvíksson

218/2009

Gjaldfærsla félagsgjalds – Lögmannafélag Íslands – sjálfstæð starfsemi lögfræðings

Ágreiningsefni varðaði gjaldfærslu félagsgjalds til Lögmannafélags Íslands í sjálfstæðri starfsemi kæranda. Kærandi hafði ekki með höndum eiginleg lögmannsstörf á umræddu ári, en sjálfstæð starfsemi hans fólst í kennslu og fyrirlestrahaldi. Í kæru til yfirkattaneftndar kom fram að kærandi starfaði sem forstöðumaður opinberrar stofnunar, en hefði jafnframt sinnt lítillsháttar aukastörfum sem sérfræðingur í sínu fagi. Honum væri nauðsynlegt að vera félagi í Lögmannafélagi Íslands, bæði vegna aðalstarfs síns, þar sem viðkomandi ríkisstofnun væri stöku sinnum stefnt fyrir dómstóla, og aukastarfanna, þar sem félagsaðild veitti honum aðgang að möguleikum til símenntunar og endurmenntunar í faginu.

Yfirkattaneftnd féllst ekki á þessi rök kæranda og sagði að ekki hefði verið sýnt fram á að greiðsla félagsgjaldsins hafi staðið í þeim tengslum við sjálfstæða starfsemi hans eða verið honum nauðsynleg við tekjuöflunina á þann hátt að um rekstrarkostnað í skilningi 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003 væri að ræða, sbr. b-lið 6. gr. reglugerðar nr. 483/1994.

Yfirkattaneftnd féllst á það með skattstjóra að greiðsla gjaldsins hafi ekki verið nauðsynleg við tekjuöflun kæranda í sjálfstæðri starfsemi hans er fólst í kennslu og fyrirlestrahaldi. Þá kom fram í úrskurðinum að tengsl umræddra útgjalda við launuð störf kæranda gætu ekki skotið stoðum undir frádráttarþærni þeirra í sjálfstæðri starfsemi hans.

226/2009

Gjaldfærsla í rekstri – persónulegur kostnaður

Málavextir eru þeir að kærendur (S og H) í málinu, sem eru hjón og einu eigendur einkahlutafélags, gjaldfærðu í rekstrinum ýmis persónuleg útgjöld kæranda. Í kæru til yfirkattaneftndar var af hálfu kæranda viðurkennt að skattstjóra hafi verið rétt að ákvarða stóran hluti kostnaðar sem persónulegan kostnað þeirra. Þeirri ákvörðun skattstjóra að skipta hinum skattskyldu verðmætum jafnt til tekna hjá kærendum var hins vegar mótmælt og sú krafa höfð uppi að greiðslurnar kæmu að öllu leyti til skattlagningar hjá S. Krafan byggði á því að H hafi að jafnaði aðeins verið í 20 til 25% starfi hjá einkahlutafélaginu. Ennfremur kom fram að S hafi lagt út kostnað fyrir félagið sem taka bæri tillit til við ákvörðun skattskyldra tekna.

Yfirkattaneftnd sagði að óumdeilt væri að ýmsar greiðslur vörðuðu einkum almennt heimilishald kæranda. Um væri að ræða greiðslur á sameiginlegum útgjöldum kæranda vegna heimilisreksturs þeirra og annarra persónulegra þarfa og yrði að virða þær greiðslur sem tekjur kæranda af hlutareign í félaginu (dullinn arð). Ekki væri unnt að fallast á þá kröfu kæranda að telja greiðslurnar að fullu til tekna hjá S, enda skipti ekki máli um tekjufærslu á þessum grundvelli hvort hluthafi starfaði hjá hlutafélagi eða einkahlutafélagi og þá hvert starfshlutfall teljist vera.

Í úrskurði yfirkattaneftndar var þeirri kröfu ennfremur hafnað að við ákvörðun skattskyldra tekna skyldi tekið tillit til kostnaðar sem S hefði lagt út fyrir félagið. Tók nefndin fram að samkvæmt kæru væri um að ræða færslur vegna útlagðs kostnaðar kæranda fyrir einkahlutafélagið og yrði því ekki séð að nein tengsl væru á milli greindrar inneignar kæranda og persónulegs kostnaðar kæranda sem gjaldfærður var í bókhaldi félagsins.

315/2009

Fyrning óefnislegra réttinda

Í þessu máli var ágreiningur um ákvörðun ríkisskattstjóra að fella niður gjaldfærða fyrningu óefnislegra réttinda hjá kæranda þar sem þau hafi ekki verið notuð til öflunar tekna í atvinnurekstri kæranda eins og áskilnaður er um í 33. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Kærandi var hlutafélag sem rak heildverslun með lyf og hafði í tengslum við kaup á lyfjafyrirtæki á Möltu keypt lyfjaformúlur og framleiðslurétt af hollensku félagi.

Samkvæmt kaupsamningnum var um að ræða kaup á svokölluðum „dossiers“ þ.e. öllum nauðsynlegum upplýsingum vegna framleiðslu og sölu tilgreindra lyfja og réttindum sem þeim tengdust, þ.e. lyfjaframleiðslu maltnesks dótturfélags. Á árunum 2001 til 2004 hafði kærandi fyrnt þessi óefnislegu réttindi til skatts um 20% hvert ár. Ríkisskattstjóri taldi skilyrði fyrir þessum frádrætti ekki fyrir hendi þar sem lyfjahugvitið sem fólst í svokölluðum „dossiers“ hafi ekki verið nýtt til tekjuöflunar og framleiðslu á lyfjum hjá kæranda heldur hjá dótturfélagum hans á Möltu og Íslandi án þess að þóknun hafi komið fyrir notkunina eða að eignin skapaði tekjur fyrir félagið sbr. skilyrði þar um í 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. og 33. gr. laga nr. 90/2003.

Kærandi taldi að móðurfélagið nyti tekna af lyfjahugvitinu í formi lægra kaupverðs á framleiðslu og í formi arðs.

Bent var á að íslenskt dótturfélag kæranda, sem væri að öllu leyti í eigu hans, hafi gert framleiðslu- og sölusamninga við önnur félög víðs vegar um heim til framleiðslu og sölu á lyfjum sem framleidd hafi verið á grundvelli lyfjahugvitsins. Tekjur íslenska dótturfélagsins hafi skilað sér í formi arðs til kæranda auk þess sem dótturfélagið hafi verið samskattað með kæranda ásamt öðrum félögum samstæðunnar. Í málinu var óumdeilt að lyfjahugvitið væri fyrnanleg eign skv. 4. tölul. 33. gr. laga nr. 90/2003.

Yfirsattanefnd tiltók í niðurstöðu sinni að til að eign geti talist fyrnanleg í hendi skattaðila sé skilyrði samkvæmt 33. gr. laga nr. 90/2003 að hún sé nýtt til tekjuöflunar í atvinnurekstri

viðkomandi aðila. Í þessu máli hafi tekjur (þóknarir) af samningum um framleiðslu og sölu lyfja í krafti hinna keyptu réttinda alfaríð runnið til íslenska dótturfélagsins eða eftir atvikum annarra félaga innan félagasamstæðu kæranda en ekki til kæranda sjálfs. Þá hafi hagnýting þessara félaga á umræddum réttindum farið fram án endurgjalds til kæranda. Því féllst yfirsattanefnd á það með ríkisskattstjóra að hin umþrættu réttindi vegna lyfjaframleiðslu á Möltu hafi ekki verið nýtt til öflunar tekna í atvinnurekstri kæranda og geti því ekki talist fyrnanleg eign samkvæmt 33. gr. laga nr. 90/2003.

Einnig sagði í niðurstöðu yfirsattanefnar „Vegna tilvísunar kæranda til þess að félagið hafi haft óbeinar tekjur af réttindunum í formi arðgreiðslna frá dótturfélögum

skal tekið fram að eignarhald kæranda á öðrum félögum, sem kunna að hafa hagnýtt umrædd réttindi, og eftir atvikum arðgreiðslur frá slíkum félögum, getur ekki leitt til þess að réttindin teljist hafa verið nýtt til tekjuöflunar í atvinnurekstri kæranda í framangreindum skilningi, enda er ekki um að ræða tekjur af útleigu eða annars konar hagnýtingu réttindanna heldur tekjur af hlutareign í öðrum félögum, sbr. ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003.“ Þá þóttu upplýsingar um samsköttun félaga innan félagasamstæðu kæranda engu breyta í þessu sambandi þegar litið er til eðlis og réttaráhrifa slíkrar samsköttunar félaga, sbr. m.a. umfjöllun þar að lútandi í úrskurði yfirsattanefnar nr. 266/2002. Kröfum kæranda í málinu var hafnað.

Árlegur samráðsfundur lögfræðinga fyrirtækjaskráa á Norðurlöndum



Árlega eru haldnir samráðsfundir lögfræðinga fyrirtækjaskráa á Norðurlöndunum. Fulltrúar Íslands voru Svala Hilmarsdóttir lögfræðingur fyrirtækjaskrár, og Sigríður L. Lúðvíksdóttir, deildarstjóri skráningardeildar.

Samstarf af þessu tagi er mikilvægt út frá faglegum sjónarmiðum. Þarna skapast vettvangur til skoðanaskipta og samráðs við önnur lönd sem eru að fást við sömu hluti. Þá eru ekki síður mikilvæg þau tengsl sem skapast milli þátttakenda sem nýta má þegar afla þarf upplýsinga um framkvæmd varðandi skráningu félaga og annarra mála sem upp kunna að koma.

Það hefur áhrif á lagaumhverfi hvers lands hvort það er aðili að Evrópusambandinu eða ekki. Þau lönd sem eru aðilar eiga það sammerkt að taka að miklu leyti þátt í smíði lagafrumvarpa, framkvæmd sem ekki hefur tíðkast

hér og er vissulega verklag sem æskilegt væri að tekið yrði upp hér á landi.

Nokkur umræða skapaðist um ársreikninga og skil á þeim. Í þeim löndum þ.e. Danmörku og Noregi, þar sem viðurlög við vanskilum eru ströng eru skil mjög góð, um eða yfir 90%. Viðurlögin felast í því að skili félag ekki ársreikningi innan tilskilins tíma fær það eina viðvörðun og ef henni er ekki sinnt er félagið sett í slitameðferð án frekari viðvarana. Í Finnlandi eru skil mjög svipuð og á Íslandi, jafnvel verri þar sem þeir hafa engin úrræði enn sem komið er til að beita sektum eða öðrum viðurlögum vegna vanskila.

Áhugaverð umræða skapaðist um eftirlit og stjórnsýslu fyrirtækjaskráa til að koma í veg fyrir refsiverða háttsemi.

SLL/SH

Upplýsingatafla RSK

Staðgreiðsla opinberra gjalda 2010

Þrepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er nú reiknuð í þremur þrepum.

Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

■ Af fyrstu 200.000 kr.	37,22%
■ Af næstu 450.000 kr.	40,12%
■ Af fjárhæð umfram 650.000 kr.	46,12%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur, sem er 44.205 kr.

Vikulaun

Þegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir.

■ 37,22%.....	af fyrstu 46.027* kr.
■ 40,12%.....	af 46.028-149.589** kr.
■ 46,12%	af launum umfram 149.589

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

* $2.400.000/365 * 7 = 46.027$. ** $7.800.000/365 * 7 = 149.589$.

Annað

■ Staðgreiðsla af vöxtum og arði	18%
■ Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af tekjum umfram 100.745 kr.	6%
■ Skattleysismörk tekjuárið 2010.....	kr. 1.425.218

Persónuafsláttur frá 1. janúar 2010

■ Í einn mánuð.....	kr. 44.205
■ Í hálfan mánuð.....	kr. 22.102
■ Í 14 daga	kr. 20.346
■ Í eina viku	kr. 10.173
■ Sjómannaafsláttur á dag	kr. 987

Hámark barnabóta 2010 miðað við heilt ár

■ Hjón/sambúðarfólk	
- með fyrsta barni	kr. 152.331
- með börnum umfram eitt	kr. 181.323
- ótekjutengd viðbót v/barna yngri en 7 ára	kr. 61.191
■ Einstæðir foreldrar	
- með fyrsta barni	kr. 253.716
- með börnum umfram eitt.....	kr. 260.262
- ótekjutengd viðbót v/barna umfram eitt og yngri en 7 ára.....	kr. 61.191

Barnabætur eru greiddar út 1. feb., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv.

■ Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald.....	8,65%
■ Sérstakt viðbótargjald v/sjómanna	0,65%

Kílómetragjald,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 1/2010

Gildir frá 1. 2. 2010

■ Almennit gjald, af fyrstu 10 þ.km, pr. km:	kr. 99,00
--	-----------

Sé greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag, skal reikna 15% álag á almennt gjald. Sé greitt torfærugjald vegna aksturs utan vega, eða á vegaslóðum sem ekki eru færir fólksbílum, skal reikna 45% álag á almennt gjald.

Dagpeningar innanlands,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2009

Gildir frá 1. 11. 2009

■ Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring.....	kr. 18.700
■ Fyrir gistingu í eina nótt.....	kr. 10.400
■ Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag.....	kr. 8.300
■ Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	kr. 4.150

Dagpeningar erlendis,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 1/2009

Gildir frá 1. 3. 2009

	Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
	Gisting	Annað	Gisting	Annað
■ Flokkur 1	SDR 187	125	120	80
■ Flokkur 2	SDR 159	106	102	67
■ Flokkur 3	SDR 141	94	90	60
■ Flokkur 4	SDR 125	83	80	54

Virðisaukaskattur

Almennt skattþrep.....	25,5%
Sérstakt skattþrep.....	7,0%